


STA FN BÚI



BLAÐ SJÁVA
VIÐ HÁSKÓLANN
HÁSKÓLINN Á AKUREYRI
BÓKASAFN
S. ÁRÞANGUR
11. apríl 1997



HÖNNUNIN HEFST Í HAFINU

Í nánu samstarfi við netagerðarmenn og sjómenn er rannsakað
hvernig veiðarfæri fara í sjó og hvernig fiskur hagar sér
gagnvart þeim.

Við framleiðsluna beitum við háþróaðri tækni nútímans og
ströngu gæðaeftirliti.

Árangurinn er vara sem stenst alla samkeppni

Hannpietjan

Efnisyfirlit

Sjávarútvegur og byggðaðróun

Steingrímur J. Sigfússon 6

Sjávarútvegsfyrirtæki á hlutabréfamarkaði

Andri Teitsson 12

Framtíð fullvinnslu á Íslandi

Viðtal við Árna Ólafsson 16

Byggðakvóti í Alaska

Ralph E. Townsend 22

Félagslíf Stafnbúa

Líf og fjör 28

Fóðrun ígulkerja

Agnar Steinarsson 30

Sjóarinn og hafmeyjan

Smásaga eftir Andra Snæ Magnason 35

Meiri hagsmuni fyrir minni!

Páll Þór Jónsson 42

Manngerving, náttúrufríðun og vestræn umhverfismálaumræða

Niels Einarsson 44

Ritstjórn og ábyrgðarmenn:

Hannes Kristjánsson, ritstjóri

Björn Hjálmarsson

Ingvar Eyfjörð

Jóhann Ófeigsson

Útgefandi:

Stafnbúi, félag sjávarútvegsfræðinema við Háskólann á Akureyri, Glerárgötu 36 Akureyri

Alnetsútgáfa:

Blaðið er jafnframt gefið út á alnetinu undir heimasíðu Stafnbúa:
<http://www.unak.is/student/stafnbui/heimas.htm>

Prentun:

Ásprent/Pob Akureyri

Forsíðumynd:

Forsíðumyndin er loftmynd af Siglufirði.
Ljósmyndari er Mats Wibe Lund. Undanfarin ár hefur hann sérhæft sig í töku loftmynda.
Mats ljósmyndir sf. Laugavegi 178.



Ritnefnd Stafnbúa. Talið frá vinstri; Jóhann, Björn, Hannes og Ingvar.

Ágæti lesandi

Íslenskur sjávarútvegur hefur verið í sókn síðustu ár, þrátt fyrir erfið ytri skilyrði. Aðlögunarhæfni greinarinnar er mikil og má segja að áherslur í rekstri taki stakka-skiptum frá ári til árs. Breytingarnar hafa m.a. komið fram í útrás íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja á erlenda grund, tilkomu öflugss hlutabréfamarkaðar og aukinni áherslu á markaðs- og þróunarmál. Í síbreytilegu umhverfi sjávarútvegsins hefur þverfaglegt nám í sjávarútvegsfræðum, reynst traustur bakhjarl þeim sem útskrifast hafa frá deildinni og sótt störf inn í greinina. Náið samstarf skóla, fyrirtækja og rannsóknastofnana mun í framtíðinni verða æ mikilvægara þeim þjóðum sem ætla sér að standa styrkum fótum í síharðnandi alþjóðlegri samkeppni.

Á vordögum 1990 var Stafnbúi, félag sjávarútvegsfræðinema við Háskólann á Akureyri stofnað. Markmið félagsins er að kynna deildina út á við og efla tengsl nemenda við atvinnulífið. Útgáfa þessa blaðs er einn þáttur starfsins en einnig stendur félagið að kynnisferðum í sjávarútvegsfyrirtæki víðsvegar um landið. Ráðstefnur og fundahöld eru jafnframt stór þáttur í starfi félagsins, þar sem reynt er að efla málefnalega umræðu um sjávarútvegsfélaga í þjóðfélaginu.

Á síðastliðnu ári heimsóttu Stafnbúar m.a. fyrirtæki á Austfjörðum og í Vestmannaeyjum. Þessar ferðir hafa skilað sér gagnkvæmt í jákvæðum viðhorfum og gjarnan orðið upphafið að samstarfi fyrirtækja og nemenda. Þá stóð félagið nýverið fyrir fundaröð um Norðurland og var yfirskrift fundanna: „Fiskveiðistjórnun-byggðastefna-arðsemi“. Fundir voru haldnir á Sauðárkróki, Siglufirði, Húsavík og Ólafsfirði. Fundaröðin þótti almennt vel heppnuð og lauk með veglegri ráðstefnu á Akureyri.

Blaðið Stafnbúi kemur nú út í fimmta sinn. Að venju eru fengnir hæfir einstaklingar til að skrifa greinar í blaðið. Það er von Stafnbúa að blað þetta megi nú sem fyrr verða frambærilegt innlegg í málefnalega umræðu um sjávarútvegsfélaga.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins

ÞEKKING Í ÞÍNA ÞÁGU



Hlutverk Rf er að auka samkeppnishæfni viðskiptavina með rannsóknum, þjónustu og upplýsingamiðlun. Stofnunin er leiðandi í matvælarannsóknum og leggur áherslu á öflugt samstarf við innlend sem erlend fyrirtæki og stofnanir.

Rannsóknarsvið: Á rannsóknarsviði er áherslan lögð á vönduð rannsóknar- og þróunarverkefni í nánu samstarfi við viðskiptavini. Sviðið veitir alhliða þjónustu á sviði matvælaframleiðslu er tekur til umhverfis, hráefnis, vinnslu og afurða.

Þjónustusvið: Á þjónustusviði er áherslan lögð á öruggar mælingar og hraða þjónustu. Mældir eru mikilvægustu gæða- og öryggisþættir í hráefni og afurðum. Ennfremur er boðið upp á sérhæfða þjónustu, eins og mælingu íblöndunarefna og mengunarefna.

Upplýsingasvið: Á upplýsingasviði er áherslan lögð á alhliða ráðgjöf og upplýsingamiðlun, námskeið og útgefið efni. Aðgangur að fullkornasta sjávarútvegsbókasafni landsins. Ókeypis áskrift að Rf tíðindum og póstlista Rf.

Veffang: <http://www.rfisk.is/>

Reykjavík • Ísafirði • Akureyri • Neskaupstað • Vestmannaeyjum


Rannsóknastofnun
fiskiðnaðarins



Olíufélagið hf



**Sala á öllum
eldvarnabúnaði**

**Hleðsla og eftirlit
handslökkvitækja**

Eldvarnamiðstöð Norðurlands

við Hvannavelli
600 Akureyri
Símar: 462 7197 & 462 7122



TOGHLERAR

J. HINRIKSSON ehf.

Súðarvogi 4 - Sími 588 6677 - Fax 568 9007

„Framleiðendur togbúnaðar í áratugi“

Drekkið
Coca-Cola
Coke

*Alveg einstök
tilfinning*

**Besti hausari
sem völ er á**



Óseyri 16, Akureyri
Sími 461 1020
Fax 461 1134

Hausar fisk með mun betri nýtingu en aðrir hausarar á markaðnum, þökkunarnýting eykst um allt að 3%.



Hausun fyrir flökun og söltun, kinnun og fésun.



Hausar með eða án klumbubeins. Tryggir hreinan skurð og jafnan hnakka.



VÖRUHÚS ÍS
Íslenskar sjávarafurðir hf.

VÖRUHÚS ÍS – HOLTABAKKA VÍHOLTAVEG – 104 REYKJAVÍK – UMBÚÐIR – REKSTRARVÖRUR – VEIÐARFÆRI – SÍMAR 568 1050 OG 581 4667, FAX 581 2848

**Veiðarfæri og
rekstrarvörur**

Þjónusta okkar byggir á viðtækri reynslu og sérþekkingu. Við leggjum metnað okkar í að veita góða og skjóta afgreiðslu og eigum ávallt fyrirbyggjandi fjölbreytt úrval af vönduðum veiðarfærum og rekstrarvörum. Leitið upplýsinga og látið okkur um að auðvelda ykkur störfni.



Sjávarútvegur og byggðaþróun

Steingrímur J. Sigfússon

Höfundur er þingmaður fyrir Alþýðubandalagið í Norðurlandskjördæmi eystra og formaður Sjávarútvegsnefndar Alþingis



Ég vil í upphafi þakka Stafnbúa, félagi nemenda við Háskólann á Akureyri fyrir framtakssemi og dugnað við að halda uppi umræðum um sjávarútvegs máli. Það viðfangsefni sem nú er tekið fyrir, sjávarútvegur og byggðaþróun eða stjórnkerfi fiskveiða, arðsemi og byggðaþróun er vissulega þess virði að um það sé fjallað sérstaklega. Fundaröð á vegum Stafnbúa á Norðurlandi, útgáfa þessa blaðs og síðan í lokin ráðstefna um viðfangsefnið er myndarlegt framtak og til marks um lifandi áhuga á mikilvægu málefni. Ég þakka tækifærið til að láta frá mér hugleiðingar tengdar þessu viðfangsefni.

Áhrif sjávarútvegs á þróun byggðar

Enginn sem skoðar sögu byggðar á Íslandi á þessari öld og jafnvel aftur á hina síðustu þarf að velkjast í vafa um að uppbygging sjávarútvegsins og þróun þeirrar greinar hefur haft afgerandi áhrif. Allt frá því land byggðist hefur nálægð við gjöful fiskimið eða góða lendingu án efa skipt talsverðu máli og ráðið því t.d. hvar menn reistu bæi sína og hvar urðu stórbýli. Þessi áhrif margfaldast þegar sjávarútvegur tekur að þróast sem sjálfstæð atvinnugrein á síðustu áratugum síðustu aldar og þó einkum og sér í lagi með tilkomu mótorbáta og síðan togara á þessari öld. Eftir sem áður skipti nálægðin við fengsæl fiskimið máli en með tilkomu vélbáta, stærri skipa og togara dró úr mikilvægi þess að útgerðarstaðirnir lögju nær miðunum. Góð hafnaraðstaða fór að skipta mestu máli. Í kjölfarið fór svo að útræði lagðist af víða út á annesjum og þéttbýlismyndunin varð þar sem betri var hafnaraðstaða innar í flóum og fjörðum. Einnig réði að sjálfsgöðu miklu hvar verzlunarstaðir voru og þjónusta við uppsveitir.

Í dag eru aðstæður að nokkru leyti breyttar enn á

ný. Útgerð verksmiðjuskipa, stórra og vel búinna frystitogara og yfirleitt stærri skipa sem ekki stunda dagróðra er ekki nema í lauslegum tengslum við sína heimabyggð. Dagróðrabátafloftinn er hins vegar áfram nátengdur heimaslóðum og stundar yfirleitt sjó á grunnmiðum í nágrenni heimahafnar.

Breytingar í sjávarútvegi og byggðaþróun

Nauðsynlegt er að hafa í huga, þegar rætt er um áhrif sjávarútvegs á byggðaþróun í landinu að það er þróun sjávarútvegsins í heild sem skiptir máli en ekki aðeins einstakir þættir eins og stjórnkerfi fiskveiða, eins og stundum mætti ætla af umræðunni. Á undan- gengnum 14 árum, eða allt það tímabil sem kvótakerfi hefur í einhverri mynd verið við lýði, hefur umræðan nánast einskorðast við áhrif

kvótakerfisins sem slíks á byggðar- lögin, stöðu sjómanna og fisk- verkafólks. Staðreyndin er engu að síður sú að ýmsir aðrir þættir sem hafa valdið stórstífum breytingum í sjávar- útveginum hafa ekkert síður reynst afdrifaríkir fyrir byggðaþróunina heldur en

kvótakerfið. Er þar auðvitað nærtækast að benda á stórtækann flutning vinnslunnar á haf út vegna betri af- komu frystiskipa heldur en landvinnslu. Slíkir þættir eru í sjálfu sér ekki háðir kvótakerfi og líklegt að þróunin hefði orðið svipuð svo lengi sem ekki væri beinlínis beitt takmörkunum eða stýringu á ráðstöfun aflans, þó eitthvert annað fiskveiðistjórnkerfi hefði verið við lýði.

Þróun útgerðar

Ef skoðuð er þróun útgerðarinnar sérstaklega og þar með talið stjórnkerfi fiskveiða og áhrif þess á byggðaþróun er ljóst að einnig þar er um margslung-

Almennt má segja að þróunin hafi undanfarna áratugi verið í þá átt að gera útgerðina laustengdari byggðarlögunum.

ið samspil að ræða. Stjórnkerfi fiskveiðanna er eitt en breyttir útgerðarhoettir, ný tækni, stærri og betur búin skip, stærri rekstrareiningar, breytt veiðitækni, breytt flutningatækni og fleira þar fram effir götunum hefur allt sín áhrif. Almennt má segja að þróunin hafi undanfarna áratugi verið í þá átt að gera útgerðina laustengdari byggðarlögunum. Stærri skipum sem hafa möguleika á lengra úthaldi svo sem frystiskip, sem að meðaltali sækja sjóinn í u.þ.b. mánaðarlöngum túrum, landa oftár en ekki þar sem næst liggur miðum eða þar sem best kemur út mið-

að við flutningskostnað. Stjórnkerfi fiskveiða skiptir vissulega einnig máli. Framseljanlegt aflamark sem hefur óðlast tiltekið verðmæti sem aðgöngumiði að auðlindinni, réttur til að sækja sjó, gengur kaupum og solum og getur flutst byggðarlaga á milli. Það getur orðið dýrt að endurheimta slík réttindi aftur, ef þau tapast og kostar mikla fjármuni. Almennt má segja að byggðarlögin búi við meira óöruggi í dag en þau gerðu áður þó rétt sé að hafa í huga að löngu fyrir daga kvótakerfis og takmörkunar á sókn í fiskstofnana gengu hlutirnir misjafnlega vel í hinum einstöku byggðarlögum. Menn lifðu uppgangstíma en líka áfallaár, útgerðir fóru á hausinn, voru seldar burtu eða fluttu sig. Þannig að slíkar sveiflur í afkomu og tilveru sjávarútvegsbyggðanna eru í sjálfu sér ekkert nýjar af nálinni.

Þegar kvótakerfið var sett á hefði að sjálfsögðu mátt standa öðru vísi að málum og byggðatengja einhvern hluta réttindanna þannig að þó þeim væri úthlutað á einstök skip þá yrði tiltekið hlutfall veiðheimildanna eftir til endurráðstöfunar á þau skip sem áfram væru í byggðarlagi þegar eitt flyttist burtu. Því miður var öllum hugmyndum um einhvers konar byggðakvóta eða byggðatengingu veiðheimilda í öryggisskyni fyrir byggðarlögin hafnað og nú orðið er ljóst að eftir áralangan gildistíma kvótakerfis með framseljanlegu aflamarki eða aflahlutdeild er vand séð hvernig slíku yrði komið á í dag.

Þróun fiskvinnslu

En það er ekki síður, eins og áður var dregið á, þróun fiskvinnslunnar sem hefur haft og mun hafa mikil áhrif á stöðu byggðarlaganna. Tækni í fiskvinnslu, stærð eininga, sölu- og markaðsmál; allt eru þetta hlutir sem geta skipt sköpum um ákvarðanir sem jafnvel ráða velferð, atvinnu og uppgangi í einu byggðarlagi en geta gengið mjög nærri öðrum. Þróunin virðist almennt vera í átt til stökkunar eininga þ.e.a.s. þau

fyrirtæki sem stunda landvinnslu eru flest að reyna að stækka sínar einingar, vélvæða þær og nýta betur fjárfestingu með vaktavinnu eða lengri vinnufíma. Þessi þróun er að sjálfsögðu á kostnað þess að einingunum fækkar.

Almennir rekstrarerfiðleikar og samdráttur í landvinnslunni hefur að sjálfsögðu haft gífurleg áhrif á atvinnuna við sjávarsíðuna og mikil vinna hefur tapast eða flutst út á sjó. Tæknivæðingin t.d. í rækjuíðnaðinum hefur ein og sér þýtt verulega fækkun starfa. Á

móti kemur að einingarnar taka á móti meira magni og eru keyrðar allan sólarhringinn. Áhrif af tækninýjungum eins og hinum fröega „konubana“ í rækjuverksmiðjunum þurfa ekki, þó þær virðist í fljótu bragði vera neikvæðar hvað atvinnupáttinn snertir, endilega að reynast svo þegar upp

er staðið.

Rekstrarumhverfi sjávarútvegsins

Almennar forsendur í rekstri sjávarútvegsfyrirtækjanna skipta miklu máli og þá kannski ekki síst hvaða leiðir stjórnendur fyrirtækjanna velja til þess að glíma við erfiðleika eða til að bæta afkomu sinna fyrirtækja. Undanfarið misseri hefur gætt tilhneigingar til sameiningar fyrirtækja, fækkunar og stökkunar eininga af rekstrarlegum ástæðum. En þar koma einnig til fleiri hlutir en afkoman ein. Stjórnendur margra fyrirtækja telja að með því móti verði fyrirtækin betur fær um að glíma við kröfur markaðarins, það þurfi einfaldlega stærri og sterkari einingar til þess að standast samkeppni og kröfur dagsins í dag. Uppgangur margra sjávarútvegsfyrirtækja, sem í krafti betri afkomu hafa aukið bolmagn til fjárfestinga, ráða til sín vel menntað fólk og greiða starfsmönnum góð laun er þrátt fyrir allt eitt af fáum ljósum sem nú skín í annars myrkri þróun byggðarmála.

Á móti þessu koma þeir möguleikar sem felast í aukinni sérhöfingu eininga, þróunin hefur einnig gengið að nokkru leyti í þá átt að minni einingar hafa náð góðum árangri með því að sérhöfva sig mun meira en áður, með því að vinna eingöngu eina tegund eða jafnvel aðallega í eina gerð þakkingar. Niðurstaðan virðist vera sú að þær einingar sem eiga í mestum erfiðleikum eru hefðbundnar rekstrareiningar í landvinnslu af millistærð og þær hafa týnt tölunni unnvörpum á síðustu misserum. Hið hefðbundna frystihús sem tók á móti 2-4 þúsund tonnum af botnfiski af ýmsum tegundum á í miklum erfiðleikum. Slíkar einingar eru reyndar ótrúlega fáar eftir í rekstri. Þróunin er því

Þegar kvótakerfið var sett á hefði að sjálfsögðu mátt standa öðru vísi að málum og byggðatengja einhvern hluta réttindanna . . .



Hnífsdalur.

Ljósmynd Mats Wibe Lund.

vissulega áhyggjuefni og það hvernig gengið hefur á hlut hefðbundinnar landvinnslu. Aðrir þættir vekja meiri bjartsýni eins og stóraukið mikilvægi rækjuiðnaðarins, aukin manneldivinnsla á uppsjávarfiskum og aukin sérhæfing sem getur skotið stoðum undir rekstur eininga í byggðarlögum sem ætli sér tæpast viðreisnar von í gamla hefðbundna forminu. Víða strandar þó á að samgöngur séu nógu greiðar og góðar til þess

að auðvelda slíka samvinnu, sérhæfingu, hráefnismiðlun o.s.frv.

Verðmætið í byggðakeðjunni

Rétt er að ræða sérstaklega þá spurningu hvort það hafi gildi í sjálfu sér fyrir sjávarútveginn, að slepptum öllum öðrum sjónarmiðum, að byggðakeðjan við sjávarsíðuna haldist sem mest órofin. Þessari spurningu

Besti hausari sem völ er á



Óseyri 16, Akureyri
Sími 461 1020
Fax 461 1134

Hausar fisk með mun betri nýtingu en aðrir hausarar á markaðnum, þökkunarnýting eykst um allt að 3%.



Hausun fyrir flökun og söltun, kinnun og fésun.



Hausar með eða án klumbubeins. Tryggir hreinan skurð og jafnan hnakka.



svara ég hiklaust játandi. Ég held að fyrir utan öll hin almennu byggðapólitísku rök þá sé óerín ástæða til þess fyrir forsvarsmenn í sjávarútvegi að leggja því lið að sjávarútvegsstefnan stuðli að heilbrigðri og kraftmikilli byggðapróun og gefi sjávarútvegsbyggðunum, einnig hinum afskekktu og smáu, möguleika. Staðreyndin er nefnilega sú að drjúgur hluti verðmæta sjávarútvegsins byggir þrátt fyrir allt á að byggðin sé til staðar við sjávarsíðuna. Enginn sér fyrir hversu mikilvæg slík byggð getur orðið á komandi árum vegna möguleika sem vagnýttir eru í dag og/eða breyttra aðstæðna eins og sagan sýnir.

Fyrir það fyrsta er ljóst að nýtingin á grunnslóðinni næst landinu, nýting grásleppumiða, innfjarðarroekju, skelfisks, ígulkeru og svo mætti áfram telja, er verulega háð því að byggð og smábáta- og bátaútgerð sé til staðar.

Nýting á hefðbundnum grunnslóðarmiðum er að sjálfsögðu hagkvæmust og liggur best við sjávarútvegsbyggðunum á hverju svæði.

Síðast en ekki síst er svo byggðin nánast vítt og breitt um landið mikilvæg undirstaða nýtingar á mismunandi árstímum, þannig má segja að t.d. séu Vestfirðirnir gífurlega mikilvægir vegna botnfiskveiða, gjöfulla miða úti fyrir Vestfjörðum og nýtingar tiltölulega staðbundinna stofna eins og steinbíts, rækju og fleiri tegunda. Mestar úthafsraekjuveiðar eru stundaðar fyrir Norðurlandi enda hefur raekjuiðnaðurinn eflst mjög á því svæði. Norðausturland og Austfirðir liggja best allra landshluta við veiðum uppsjávarfiska og verulegur hluti þeirra verðmæta sem til falla á gjöfulem loðnu- og síldarverfíðum myndast þar. Allir þekkja mikilvægi vetrar- og vorverfíðarinnar frá Suð-Austurlandi, Vestmannaeyjum og Suðurnesjum og vestur um til Snœfellsness og þannig mætti áfram telja. Í reynd lokast hringurinn. Byggðakeðjan í hinum einstöku landshlutum, útgerðarstaðirnir, vinnslan og hafnarastaðan er á einhverjum tímum ársins algjör undirstaða verðmætasköpunar sem ella yrði vandséð að þjóðin gæti nýtt sér með sama hætti.

Lokaorð

Niðurstæða mín er því sú að sjávarútvegsstefnan og stjórnkerfi fiskveiða þar með talið þurfi að byggja á þeirri grundvallarhugsun að skapa byggðakeðjunni hringinn í kringum landið möguleika til að þróast.



Staðreyndin er nefnilega sú að drjúgur hluti verðmæta sjávarútvegsins byggir þrátt fyrir allt á að byggðin sé til staðar við sjávarsíðuna.

Þar ber í fyrsta lagi að nefna að skapa þarf báta- og smábátaútgerð skilyrði sem lífvænlegum hluta af okkar sjávarútvegi. Þessi útgerð og þær fjölskyldur sem á henni byggja eru víða kjölfestan í fastri búsetu á stöðunum jafnvel þótt gerð séu út eitt eða fleiri stærri skip. Áhafnir þeirra eru iðulega laustengdar við byggðarlögin eins og áður sagði.

Í öðru lagi þarf að gefa nýtingu grunnslóðarinnar sérstaklega gaum í stjórnkerfinu þannig að þeir sem að viðkomandi svæðum liggja njóti þess.

Í þriðja lagi á það að vera markmið í sjálfu sér að varðveita fjölbreytni, sveigjanleika og aðlögunarhæfni í sjávarútvegi og það verður best gert með því að sem flest útgerðarform, sem flestar og fjölbreytilegastar stærðir og gerðir fiskiskipa, útgerðarhættir og vinnsluhættir viðhaldist.

Aftur og aftur hefur sagan sýnt að einn allra verðmæstasti eiginleiki íslensks sjávarútvegs er fjölbreytni og aðlögunarhæfni að breyttum aðstæðum.

Ég er þeirrar skoðunar að gera megi ýmsar breytingar á núverandi sjávarútvegsstefnu og stjórnkerfi fiskveiða sem myndi treysta slíka þróun í sessi. Of langt mál yrði að rekja það hér og verð ég að vísa til annarra skrifa þar sem ég hef gert í ytarlegu máli grein fyrir mínum sjónarmiðum.

Ég nefni þar í fyrsta lagi að gera eins og áður segir nauðsynlegar ráðstafanir til að treysta grundvöll báta- og smábátaútgerðar, slá skjaldborg um það sem eftir er af slíkrí útgerð. Ég nefni í öðru lagi ráðstafanir til að reyna að treysta stöðu landvinnslunnar og tryggja að hún verði áfram hluti af fjölbreyttum íslenskum sjávarútvegi og vinnslu íslensks sjávarfangs. Ég nefni í þriðja lagi að gera tiltekna breytingar á reglum um framsal veiðihelmilda til að sníða af því agnúa og ná betri sátt um það kerfi. Og síðast en ekki síst þarf að reyna að móta sjávarútvegsstefnuna út frá heildstæðum sjónarmiðum þar sem tekið er tillit til hagsmuna allra helstu þátttakendanna og hagsmunaaðilanna þ.e.a.s. veiðanna að sjálfsögðu, en einnig vinnslunnar, sjómanna og fiskverkafólks í landi og síðast en ekki síst byggðarlaganna sem byggja á sjávarútvegi. Verðmætasköpun í sjávarútvegi er ferli, keðja en þær verða eins og kunnugt er aldrei sterkari en veikasti hlekkurinn.



Frá Sólborg, framtiðarstað Háskólans á Akureyri

Ljósmynd. Páll Pálsson

Í háskólanum er boðið upp á eftirfarandi nám:

- Heilbrigðisdeild: Hjúkrunarfræði
Kennaradeild: Grunnskólakennaranám
Leikskólakennaranám
Rekstrardeild: Rekstrarfræði
Iðnrekstrarfræði
Framhaldsnám í gæðastjórnun
Sjávarútvegsdeild: Sjávarútvegsfræði
Matvælaframleiðsla

Skilyrði fyrir innritun í háskólann er stúdentspróf eða annað nám sem stjórn háskólans metur jafngilt. Innritun nýnema lýkur 1. júní.

Félagsstofnun stúdenta á Akureyri á og rekur stúdentagarða.
Upplýsingar um húsnæðið veitir Jónas Steingrímsson í síma 854 0787 og 4630 968.

Umsóknareyðublöð um skólavist og upplýsingar um skólann eru veittar á skrifstofu háskólans, Sólborg, 600 Akureyri, sími 463 0900.

Sjávarútvegsdeild HA

Sjávarútvegsbraut

Efling frumkvæðis í þróun íslensks sjávarútvegs.

Bein tengsl við rannsóknastofnanir í sjávarútvegi.

Raunhæf verkefni í sjávarútvegi.

Skapar framtíð í sjávarútvegi.

120 eininga B.Sc. gráða.



Matvælaframleiðslubraut

Þekking í nútíma matvælaíðnaði.

Störf við matvælaframleiðslu, vöruþróun og markaðssetningu.

Þverfaglegt grunnnám sem opnar möguleika til framhaldsnáms við aðra háskóla.

120 eininga B.Sc. gráða.



Sjávarútvegs- fyrirtæki á hlutabréfamarkaði

Andri Teitsson, Verðbréfamarkaði Íslandsbanka hf.



Sjávarútvegsfyrirtæki á hlutabréfamarkaði hafa verið mikið í sviðsljósinu undanfarna mánuði. Í þessari grein mun ég fjalla um þessi fyrirtæki, þá hækkun sem orðið hefur á gengi hlutabréfa í sjávarútvegi og loks reyna að svara því hvort vænta megi frekari hækkana.

Sjávarútvegsfyrirtæki á hlutabréfamarkaði

Nú eru alls ein 22 sjávarútvegsfyrirtæki á hlutabréfamarkaði, þar af 9 á Verðbréfafingri Íslands (VÞÍ) og 13 á Opna tilboðsmarkaðnum (OTM). Stærri og rötgrónari fyrirtækin eru flest á VÞÍ en þau minni á OTM. Til að fá skráningu á VÞÍ þarf að hafa að minnsta kosti 200 hluthafa, ekki má leggja hömlur á meðferð hlutabréfa og skylt er að birta ó mánaða uppgjör auk ársskýrslu. Helsti kosturinn við skráningu á VÞÍ umfram OTM er að stærri markaður er fyrir hlutabréfin. Ástæðan er sú að ýmsir stærri fjárfestar, svo sem lífeyrissjóðir og hlutabréfasjóðir, vilja heldur kaupa hlutabréf sem skráð eru á VÞÍ.


Meðfylgjandi tafla sýnir yfirlit yfir sjávarútvegsfyrirtækin 22 á hlutabréfamarkaði. Fram kemur hvort félagið er á VÞÍ eða OTM, hvert hlutafé er, nýlegt gengi í viðskiptum og markaðsverð. Haraldur Böðvarsson hf. hefur hæst markaðsverð eða rúmlega 6,0 milljarða króna, eftir sameiningu við Miðnes hf. í Sandgerði. Þetta er sú upphæð sem þyrfti að greiða fyrir öll hlutabréf í félaginu, miðað við nýjasta gengi í viðskiptum. Þormóður rammi hf. hefur næsthæst markaðsverð eða 5,5 milljarða kr. eftir samruna við Sæberg hf. í Ólafsfirði. Samanlagt markaðsverð þessara 20 fyrirtækja er um 52 milljarðar kr.

	Félag	Hlutafé	Gengi	Markaðs- verð
VÞÍ	Har. Böðvars.	928	6,60	6.125
VÞÍ	Þorm. rammi	1.110	5,35	5.939
VÞÍ	Sildarvinnslan	400	12,30	4.920
VÞÍ	SR-Mjöl	894	5,50	4.914
VÞÍ	Grandi	1.345	3,60	4.840
VÞÍ	Útgerðarf. Ak.	918	4,80	4.406
VÞÍ	Vinnslustöðin	1.325	3,05	4.041
OTM	Hr. Eskifjarðar	346	10,30	3.562
OTM	Básafell	544	3,50	1.904
VÞÍ	Skagstrendingur	262	6,70	1.752
OTM	Krossanes	140	11,00	1.535
OTM	Loðnuvinnslan	429	3,00	1.288
OTM	Borgey	426	3,00	1.279
OTM	Hr. Þórshafnar	300	4,20	1.260
OTM	Fisk. Húsav.	520	2,10	1.091
OTM	Tangi	499	1,90	948
OTM	Bakki	531	1,60	850
OTM	Búlandstindur	297	2,60	773
OTM	Árnes	390	1,35	527
VÞÍ	Jökull	83	6,00	499
OTM	Snæfellingur	311	1,40	435
OTM	Hólmadrangur	63	4,50	284
	Meðaltal			53.173

Reiknað er með að fleiri fyrirtæki bjóði hlutabréf á almennum markaði á næstunni, svo sem Samherji hf. á Akureyri.


Hækkun á gengi hlutabréfa í sjávarútvegi

Á árinu 1996 hækkuðu hlutabréf helstu fyrirtækja í sjávarútvegi um 140% að meðaltali en til samanburðar hækkaði vísitala allra fyrirtækja á Verðbréfafingri Íslands um 60%. Meðfylgjandi mynd sýnir þróun hlutabréfavisitölu helstu atvinnugreina undanfarin ár. Byggt er á gengi hlutabréfa í lok hvers árs að teknu tilliti til arðs og jöfnunar. Átta sjávarútvegsfyrirtæki mynda vísitölu sjávarútvegs.



Hlutabréfavisitalan endar í um 280 stigum, sem þýðir að hlutabréf hafa næstum þrefaldast í verði að jafnaði. Vísitalan nær lágmarki í lok árs 1993 og hækkar eftir það, langmest á árinu 1996. Iðnaður hefur tekið mikið stökk og endar langhæstur, í rúmlega 400 stigum. Sú hækkun er næstum öll á síðustu tveimur árum. Sjávarútvegur kemur næstur með um 300 stig, lítið eitt hærrí en vísitalan. Olíufélögin eru athyglisverð, þau hafa aldrei lækkað heldur hækkað jafnt og þétt. Fjármálafyrirtækin sýna slakastan árangur en hafa þó tvöfaldast á tímabilinu.

Helstu ástæður mikillar hækkunar á gengi hlutabréfa í sjávarútvegi eru trúlega í fyrsta lagi almenn hækkun á gengi hlutabréfa vegna aukins trausts á þeim og í öðru lagi stóraukinn hagnaður í sjávarútvegi, samanber meðfylgjandi mynd:



Myndin sýnir samanlagðan, árlegan hagnað (eða tap) átta helstu fyrirtækja í sjávarútvegi á hlutabréfamárkæði. Árið 1992 tópuðu félögin alls 332 millj. kr. en á árinu 1996 er áætlaður hagnaður þeirra um 2.200 millj. kr., þar af um 1.700 millj. kr. af reglulegri starfsemi. (Sóluhagnaður Vinnslustöðvarinnar nam 505 millj. kr. og er hann meðtallinn, þar sem reikningar hafa verið birtir). Árið 1992 var meira tap í sjávarútvegi en nokkurri hinna greinanna en 1996 mun þetta snúast við og hagnaðurinn verða mestur í sjávarútvegi. Hagnaðurinn í sjávarútvegi jókst verulega á árinu 1994 og svo aftur á árinu 1996.


Munu hlutabréf fyrirtækja í sjávarútvegi hækka meira?

Til að svara þessari spurningu þarf annars vegar að meta hvort hlutabréfamarkæðurinn í heild sé líklegur til að hækka og hins vegar hvort líkur séu á að sjávarútvegur hækki umfram aðrar greinar.

Hlutabréfamarkæðurinn í heild hefur hækkað mjög mikið undanfarin tvö ár og er nú reiknað með að dragi úr hækkuninum á árinu 1997. Hins vegar er ekki talin ástæða til að óttast almenna verðlækkun á hlutabréfum. Efnahagsástand er gott og afkoma fyrirtækjanna er góð og ekki að sjá að það muni breytast. Vænta má áframhaldandi eftirspurnar eftir hlutabréfum, svo sem frá lífeyrissjóðum og hlutabréfasjóðum. Loks má nefna að gengi hlutabréfa á Íslandi er í ágætu samræmi við það sem gerist í öðrum löndum. Hlutabréfavisitala VÞÍ hækkaði um 12% á fyrstu tveimur mánuðum ársins 1997.

Til að meta hversu dýr hlutabréf eru í samanburði við arðsemi er algengast að nota svokallað V/H-hlutfall, sem er hlutfallið á milli markæðsverðs allra hlutabréfa tiltekins félags og árlegs hagnaðar þess. V/H-hlutfallið má hugsa sem þann árafjölda sem það tekur að endurheimta kaupverð á félaginu með hagnaðinum. Meðfylgjandi mynd sýnir V/H-hlutfall fyrir hverja atvinnugrein og miðast við áætlaðan hagnað af reglulegri starfsemi á árinu 1996. Sem fyrr er miðað við átta helstu fyrirtæki í sjávarútvegi.

Eins og sjá má hafa fjármálafyrirtækin lægst eða með öðrum orðum hagstæðast V/H-hlutfall, 12,5.



Sjávarútvegur hefur einnig lágt V/H-hlutfall eða 16,2. Vegið meðaltal allra greinanna er 17,0. Iðnaður, flutningar og olíudreifing hafa hærra V/H-hlutfall en meðaltalið. Þessi samanburður bendir til þess að gengi hlutabréfa fyrirtækja í sjávarútvegi hafi tiltölulega góða möguleika á að hækka enn frekar.


Niðurstaðan er þá sú að gera megi ráð fyrir að hlutabréfamarkæðurinn í heild hækki nokkuð á árinu 1997 og hlutabréf í sjávarútvegi jafnvel meira en í öðrum greinum að meðaltali.

Hvaða sjávarútvegsfyrirtæki eru álitlegust?


Tveir tölulegir mælikvarðar eru mest notaðir til að meta hvaða hlutabréf sé hagstæðast að kaupa. Sá mikilvægari er V/H-hlutfallið sem kynnt var hér að framan og mælir væntanlega arðsemi. Hinn er Q-hlutfall, þ.e. hlutfall markæðsverðs og verðmætis

eigna. Í sjávarútvegi er lítið að marka bókfært verð eigna og er því Q-hlutfallið reiknað sem hlutfall markaðsverðs og endurmetins eigin fjár, að teknu tilliti til aflaheimilda o.fl.

Meðfylgjandi mynd sýnir V/H-hlutfall fyrirtækja í sjávarútvegi miðað við áætlaðan hagnað 1996 til 1998 af reglulegri starfsemi. Tekið skal fram að þær áætlanir eru algerlega á ábyrgð greinarhöfundar. Meðaltalið fyrir greinina í heild er um 18. Tvö fyrirtæki hafa V/H-hlutfall um 11, þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að hagnaður þeirra minnki nokkuð á árunum 1997 og 1998. Þetta eru Krossanes og Hraðfrystihús Eskifjarðar.



Meðfylgjandi mynd sýnir (endurmetið) Q-hlutfall helstu fyrirtækja í sjávarútvegi. Þau fyrirtæki sem eingöngu reka fiskmjólsverksmiðjur eru ekki tekin með, þetta eru SR-mjó, Krossanes og Loðnurvinnslan.



Á þennan mælikvarða eru Hólmadrangur og Jökull ódýrustu félögin, með Q-hlutfall um 30%. Það þýðir að kaupendur hlutabréfa greiða aðeins 30% af „fullu“ verði fyrir eignir félagsins. Skýringin er líklega tvíþætt, félögin eru tiltölulega ný á markaði og hafa ekki sýnt góða afkomu undanfarið. Flest félögin eru á bilinu 60% til 80% og vegið meðaltal er 75%. Síðarvinnslan, Borgey, Hraðfr. Eskifjarðar og Hraðfr. Þórhafnar eru um eða yfir 100%. Þessi félög sem eru dýrust eiga það sameiginlegt að veiðar og vinnsla á uppsjávarfiski eru þungamiðja í starfseminni.

Alhliða bókhalds- og innheimtupjónusta

- Bókhald
- Skattframtöl
- Innheimtur
- Uppgjör

SKILABORG SF

Sími 561 0116
Símbréf 561 0118
Rauðarárstíg 16
105 Reykjavík



Vörður
Vátryggingafélag

Skipagötu 9
600 Akureyri
Sími 461 1121
Fex 461 1848
Kl. 690269-6359
Box 351, 602 Akureyri

Alhliða vátryggingastarfsemi

Pökkum eftirtöldum aðilum veittan stuðning við útgáfu blaðsins

Gunnólfur ehf.

Bakkafirði

Trévis ehf.

Lerkilundur 8, Akureyri

Ögurvík

Týsgötu 1, Reykjavík

Harpa hf.

Stórhöfða 44, Reykjavík

Vélsmiðja Orms og Víglundar

Kaplahrauni, Hafnarfjörður

Sæco ehf.

Súðarvogli 6, Reykjavík

Járn & Blikk

Vesturvör 26, Kópavogur

Fjóröngssamband Vestfirðinga

Hafnarstræti 1, Ísafirði

Vélaröst ehf - Michigan Wheel

Propellers

Súðarvogur 30, Reykjavík

Akureyrarapótek

Hafnarstræti 104, Akureyri

Akureyrarhöfn

Strandgötu, Akureyri

Akureyrarkaupstaður

Geislagötu 9, Akureyri

Amaro

Hafnarstræti 99-101, Akureyri

Bergur-Huginn ehf

Geirseyri, Vestmannaeyjar

Bliki hf

Dalvík

Blikk og tækniþjónustan

Kaldbaksgötu 2, Akureyri

Blómabúðin Akur

Kaupangi, Akureyri

Gúmmibátapjónusta

Norðurlands sf

Draupnigötu 3, Akureyri

D.N.G. sjóvélar

Lónsbakka, Glæsisbæjarhreppi

Det Norske Veritas Classif A/S

Hafnarhvoli, Reykjavík

Ellingsen

Ánanaustum, Grandagarði 2,
Reykjavík

Endurskoðun Akureyri hf

Glerárgötu 21, Akureyri

Eyjafjarðarsveit

Syðra-Laugalandi, Akureyri

Eyrasparisjóður

Bjarkargötu 1, Patreksfjörður

Fasteignasalan Holt

Strandgötu 13, Akureyri

Fatahreinsunin ehf

Hofsbot 4, Akureyri

Félag rækju- og

hörpudiskframleiðenda

Glerárgötu 34, Akureyri

Fiskanes hf

Hafnargötu 17-19, Grindavík

Fiskiðja Raufarhafnar ehf

Raufarhöfn

Fiskiðjan Dvergasteinn

Strandvegi 20-23, Seyðisfirði

Fiskimjöl og Lýsi hf

Ægisdötu 2, Grindavík

Fjölur ehf

Fjölurisdötu 2b, Akureyri

Frosti hf

Njarðarbraut 1-5, Súðavík

Glófi ehf

Frostagötu 1a, Akureyri

Gunnvör hf

Eyrögötu 2-4, Ísafirði

Brimrún hf

Hólmaslóð 4, Reykjavík

Hafnasamlag Eyjafjarðar

Ráðhúsinu, Dalvík

Heildverslun Ásgeirs

Hjörleifssonar

EIMSKIP

Hafnarbakki

Suðurbakka, Hafnarfirði

Hvammsfell ehf

Eyrartröð 2, Hafnarfirði

Haraldur Böðvarsson hf

Bárugötu 8-10, Akranesi

Hita- og vatnsveita Akureyrar

Rángárvöllum, Akureyri

Hólmadrangur hf

Höfðagötu 3, Hólmavík

Hraðfrystihús Eskifjarðar hf

Strandgötu 39, Eskifjörður

Hrönn hf

Hafnarhúsinu, Ísafirði

Húsavíkukaupstaður

Ketilsbraut 9, Húsavík

Höfði hf

Suðurgarði, Húsavík

Höfnin Keflavík-Njarðvík

Víkurbraut 11, Keflavík

Höldur ehf

Tryggvabraut 12, Akureyri

Iðnþróunarfélag Eyjafjarðar

Strandgötu 29, Akureyri

Ísafjarðarhöfn

Suðurgötu, Ísafirði

Íslenska útlutningsmiðstöðin hf

Síðumúla 34, Reykjavík

Íslenskar sjávarafurðir hf

Sigtún 42, Reykjavík

Kaupfélag Eyfirðinga

Hafnarstræti 91 - 95, Akureyri

Samtök fiskvinnslustöðva

Austurstræti 18, Reykjavík

Búnaðarbanki Íslands

Geislagötu 5, Akureyri

Framtíð full- vinnslu á Íslandi



Viðtal við Árna Ólafsson, frystihússtjóra frystihúss KEA í Hrísey

Frystihús KEA í Dalvík og Hrísey hafa undanfarin ár einbeitt sér að framleiðslu á fullnum vörum í neytendapakningar. Þeim hafa hlotnast viðurkenningar bæði fyrir markaðstengda framleiðslu og umhverfisverðlaun fyrir fyrirmyndar hráefnisnýtingu. Frystihússtjóri í Hrísey er Árni Ólafsson. Árni hóf þar störf sautján ára gamall á sumrin og hefur æ síðan verið viðloðandi starfsemi þar ytra. Eftir stúdentspróf frá MA stundaði hann nám við Fiskvinnsluskólann í eitt ár en hóf að því loknu nám í iðnrekstrarfræðum við Tækniskólann í Reykjavík. Hann útskrifaðist síðan frá sama skóla með BS-próf í útlutuningsmarkaðsfræðum vorið 1996. Sama ár var hann ráðinn til frystihúss KEA í Hrísey þar sem hann gegnir nú starfi frystihússtjóra. Ritnefnd Stafnbúa tók hús á Árna í Hrísey og ræddi við hann um fullvinnslu og önnur mál er varða landvinnsluna og framtíð sjávarútvegsins á Íslandi.

Undanfarin ár hefur KEA leitast við að útvíkka enn frekar sína vinnslu. Hvernig hefur það gengið?

„Frystihúsið hefur verið mikið í samstarfi við vörubróunarsvið ÍS og í framhaldi af þeirri vinnu var ráðinn til fyrirtækisins Jóhann nokkur Sævarsson sem hafði reynslu af þróunavinnu í kjötvinnslufyrirtækjum. Fyrirtækið hefur verið að þróa nýjar tegundir af fiskrúllum, útvíkka vinnslu sína á laxi og prófa sig áfram með ýmis íblöndunarefni, s.s. spínat, rækjufyllingar, osta og ýmsar sós. Í fyrrasumar var farið að íhuga hvort ekki væri hægt að vinna lax í frystihúsunum rétt eins og þorsk og ýsu og var í framhaldi af því stofnað til samstarfs við Silfurstjórnuna í Óxarfirði. Á næstunni er áætlað að vinna u.þ.b. 500 tonn af laxi í frystihúsum KEA, þ.e. hrávinnsla á Dalvík og þökkun í Hrísey. Jafnframt var hafin vinnsla á bleikju í rúllur sem skila mjög góðu verði í Evrópu. Í dag eru frystihúsin að vinna þorsk og ýsu, steinbít, lax, bleikju og ýmsar tegundir flatfiska“.

Hver er framtíð fullvinnslu á Íslandi?

„Ég kalla það fullvinnslu að skera fisk í bita og pakka þeim í neytendapakningar sem síðan fara óbreyttar í hendur neytenda. Fyrir mörgum er það aðeins fullvinnsla ef fiskinum fylgja baunir, kartöflur o.s.frv. Stjórnámálamenn hafa lagt þunga áherslu á að auka skuli vægi fullvinnslu sjávarafurða í framtíðinni. Reyndar var skoplegt að heyra til þeirra á þinginu þegar EES umræðan var í gangi, að í ræðum manna í eldhúsdagssumræðum formæltu menn samningnum og í næstu setningu sögðu þeir að auka þyrfti fullvinnslu sjávarafurða, en samningurinn er forsenda tollfrjáls aðgangs á þessum varningi inn á markaði í Evrópu. Ég tel að þessi fullvinnsla eins og menn sjá hana fyrir sér, eigi ekki eftir að verða til hér á Íslandi í verulegum mæli á næstunni. Við eigum í gríðarlegri samkeppni í Evrópu um sölu á tilbúnum réttum þar sem menn verja milljörðum í sjónvarpsauglýsingar til að kynna sitt vörumerki. Íblöndunarefni eru dýr á Íslandi og því liggur okkar styrkur helst í framleiðslu á lítið unnum fiski í neytendapakningar. Þessi styrkur okkar grundvallast á nálægð okkar við fiskimiðin. Okkar styrkur felst ekki í að markaðssetja vörur undir eigin vörumerki. Við gætum eignast okkar vörumerki í Evrópu en það kostar mikla peninga, sennilega tugi milljarða, og það væri mjög leiðinlegt ef markaðssetningin mistækist. Við sjá-

um það að bolfiskvinnslan á Íslandi hefur ekki bolmagn til að setja slíka fjárhæð í vörumerki sem síðan er óvíst hvernig muni reiða af í samkeppninni. Ég tel hins vegar ljóst að í framtíðinni komum við til með að pakka mun meiru af fiski af frystitögur-

um í landi, en það er nákvæmlega það sem þeir gera við fiskinn okkar t.d. í Bretlandi, þ.e. saga fiskinn í bita, setja í poka og selja. Þau hús á Íslandi sem eru að framleiða í smápakkningar ganga betur. Þau hús sem hafa ekkert breytt sínum áherslum og framleiða

**Umhverfisverð-
launin fengum við fyrir góða
hráefnisnýtingu, snyrtimennsku
og umhverfismeðvitund
starfsfólksins.**

 Tetra Laval Food Koppens

FORYSTA Í ÁRATUGI

FRAMLEIÐSLUVÉLAR FYRIR MATVÆLI



VM 400 HSE

TETRA LAVAL FOOD er samsteypa fyrirtækja með fjölda sérfræðinga í framleiðslu véla til matvælagarðar. KOPPENS tilraunaeldhús getur þér tækifæri á að prófa framleiðsluhugmyndir þínar í fullkomnum framleiðsluvélum án skilyrða um kaup á vélum og kynnast um leið framförum og framtíðarmöguleikum á heimsmarkaðnum.

Hafðu samband við sölumenn okkar og fáðu nánari upplýsingar.

**FULLBÚNAR
FRAMLEIÐSLU-
LÍNUR EÐA
EINSTAKAR
VÉLAR FYRIR:**

- formun
- hveitun
- húðun
- brauðun
- suðu
- steikingu
- grillun
- kælingu
- frystingu
- pökkun

SINDRI

-sterkur í verki

BORGARTÚNI 31 · SÍMI 562 7222
BRÉFASÍMI 562 1024



BÓKVAL

AKUREYRI

að miklu leiti blokkarafurðir hafa hins vegar átt mjög erfitt”.

Frystihúsin í Dalvík og Hrísey hafa hlotið verðlaun fyrir markaðstengda framleiðslu frá ÍS og umhverfisverðlaun fyrir hráefnisnýtingu. Hverju má þakka þessar viðurkenningar og hver er þýðing þeirra fyrir fyrirtækið?

„Hér er í raun og veru um að ræða verðlaun fyrir framleiðslu á vöru sem markaðurinn biður um og á þeim tíma sem hann biður um hana. Við höfum það að markmiði að bregðast okkar kaupendum aldrei, það er okkar styrkur og ástæðan fyrir því að við höfum náð góðum árangri í okkar framleiðslu. Menn hafa sitt hillupláss í stórmörkuðunum, og það má aldrei tæmast, þar verður varan einfaldlega alltaf að vera, því ef hún er ekki til staðar þá kemur önnur í staðinn til frambúðar. Umhverfisverðlaunin fengum við fyrir góða hráefnisnýtingu, snyrtimennsku og umhverfismeðvitund starfsfólksins. Hvað varðar hráefnisnýtinguna má segja að við höfum verið frumkvöðlar í því að nýta ódýra kولاتegund, sem yfirleitt var ekki hirt hér áður, og gera úr henni fullunna afurð í neytendapakkingar sem fer beint í verslanir í Belgíu. Hér í Hrísey hefur snyrtimennska löngum verið mikill. Menn fá ekki verðlaun fyrir slíkt á einum degi. Það má segja að allir Hríseyingar eigi sinn skerf í þeim. Það er mikilvægt að við sem vinnum við að framleiða matvæli frá náttúrunnar hendi séum til fyrirmyndar í umgengni við umhverfið”.

Hvernig gengur Íslendingum að fóta sig í alþjóðlegri samkeppni um sölu fullunninna sjávarafurða á erlendum mörkuðum?

„Velgengni í sölu fullunninna afurða byggir á áreiðanleika í viðskiptum. Ef við segjumst ætla að afhenda vöru á tilteknum tíma, þá verðum við standa við það. Það sem hefur verið vandamálið í sjávarútveginum hér, er það hve menn hafa verið tækifærisissinnaðir. Þetta er markaður þar sem kaupendur vilja einfaldlega traust, traust er verðmætt og ef það er til staðar er kaupandinn tilbúinn til að greiða hærra verð. Húsin hér á norðurlandi henta vel til smápakkingaframleiðslu því við erum bara í bolfiskvinnslu, höfum jafna framleiðslu og getum þess vegna einbeitt okkur að þessari vinnslu allt árið, á meðan fyrirtæki t.d. á austfjörðum þurfa að hlaupa á vertíð í loðnu og síld. Í smápakkavinnslunni mega menn einfaldlega ekki klikka á afhendingu - þá eru þeir búnir að vera. Það er hins vegar mikill munur á því að selja vöru til Frakklands og t.d. Bretlands. Í viðskiptum við Bretland er byggt á ákveðnu trausti og gerðar áætlanir fram í tímann. Í Frakklandi vilja menn hins vegar engar

áætlanir og eru öll viðskipti því mjög óljós. Frakkarnir vilja í raun og veru geta tekið upp símann og pantað fisk til afhendingar innan tveggja daga. Af þessum sökum höfum við þurft að koma okkur upp millilager í Evrópu. Frakkar vilja minni skuldbindingar en það leiðir af sér meiri kostnað. Ef við fáum áætlanir fram í tímann og vitum nákvæmlega hvað við eigum að gera, getum við gert hlutina á mun arðbærari hátt. Millilagerinn er mjög kostnaðarsamur. Þegar á heildina er lítið

má hins vegar segja að okkur hafi gengið ágætlega, því á meðan heildarsala frosinna smápakkinga hefur verið að minnka í Evrópu, höfum við verið að stórauka okkar sölu. Forsendan fyrir því að við getum verið inni

á smásölumarkaðnum er að hafa sterk sölusamtök. Einnig má gleðjast yfir því að stærsti viðskiptavinurinn, Marks og Spencer, er að fara að opna búðir í Þýskalandi og tel ég gífurlega möguleika vera að opnast þar fyrir fullunnar íslenskar sjávarafurðir”.

Hvernig hefur ykkur gengið að afla hráefnis til vinnslunnar?

„Við kaupum töluvert af hráefni á fiskmörkuðum, en einnig látum við aðra aðila veiða fyrir okkur, t.d. smærri báta fyrir austan og vestan. Fiskmarkaðirnir eru skelfileg fyrirtæki og mætti helst líkja þeim við bílasölu eins og þær voru í gamla daga. Ég kaupi vöru gegnum markaðinn af umsömdum gæðum og á umsömdu verði og hana vil ég fá. Ef vigtað er vitlaust upp úr bát tel ég það ekki koma mér við og að það sé á ábyrgð markaðarins. Ég hef lent í ýmsu í viðskiptum við fiskmarkaðina, t.d. 18% rýmun á ýsufarmi og þegar ég leitaði eftir leiðréttingu til fiskmarkaðarins var mér vísað á skipstjóra bátsins sem landaði þessum fiski. Ég líf hins vegar svo á að hráefnið kaupi ég af markaðinum en ekki útgerð bátsins sem landaði fiskinum. Eftir frekari viðræður var mér tjáð að kvartanir yrðu að berast markaðshaldara innan sólarhrings frá kaupum vörunnar. Þetta er hins vegar afar erfitt fyrir mig að framkvæma hér úti í Hrísey; að keyra fiskinn norður, ferja hann út í eyju, vigta hann inn í hús og koma kvörtuninni til skila, allt innan sólarhrings. Hér er verið að brjóta kaupalög og það sem fiskkaupendur hefðu átt að gera fyrir löngu, er að höfða mál gegn mörkuðunum. Það gengur ekki í viðskiptum að menn fái ekki afhenta þá vöru sem þeir hafa greitt fyrir. Markaðurinn er milligönguaðili viðskiptanna, það er hann sem segir kaupandanum hvað hann er að kaupa og það er því líka hans að sækja það á útgerðaraðilann sem á vantar. Við erum oft að fá senda fiskfarma frá mörkuðunum sem eru meira og minna ónýtir og töpum þar af leiðandi tugum og hundruðum þúsunda króna. Frágangur á fiski er einnig stórkostlegt vandamál á Íslandi og þar

Fiskmarkaðirnir eru skelfileg fyrirtæki og mætti helst líkja þeim við bílasölu eins og þær voru í gamla daga.

eru fiskmarkaðirnir verstir. Þeir eru mjög slæmir. Hráefnisgæði í landvinnslunni hafa versnað með tilkomu fiskmarkaðanna. Áður fyrr var allur fiskur dagmerktur en í dag er það hending ef svo er. Þetta er vissulega afturför og maður spyr sig hvers vegna. Maður hefði haldið að fiskmarkaðirnir ættu að skila betri fiski, þeir að vísu halda því fram að svo sé, en við sem vinnum fiskinn vitum að það eru mikil ósannindi”.

Hvaða álit hefur þú þá á þeirri kröfu sjómanna, að allur fiskur fari á markað?

„Ef sjómenn halda því til streitu að setja allan fisk á markað, þá eru þeir sjálfum sér verstir. Verðið á fisknum myndi hríðfalla. Við værum að afhenda mörkuðunum 5% af öllu aflaverðmæti, auka umsvif og skriffinnsku og fjölga milliliðum. Þessi framkvæmd fæli í sér aukinn kostnað og flóknara kerfi auk þess sem ég veit að fiskmarkaðirnir myndu aldrei ráða við þetta af einhverju viti. Hvernig eiga þeir að geta höndlað það að selja allan fisk fyrst þeir ráða alls ekki við verkefnið eins og það er í dag”.

Nú sjáum við að í sjávarútveginum í t.d. Noregi og Danmörku fær verkafólk tvö til þreföld tímalaun verkafólks á Íslandi. Sérð þú fram á að hægt verði að hækka laun verkafólks án þess að minnka hagnaðinn hjá fyrirtækjunum?

„Þetta er ósköp einfalt dæmi. Það þarf að lækka kaup sjómanna til þess að hægt sé að hækka kaup landverkafólks. Hvernig halda menn, þegar best reknu frystihúsin í landinu eru rekin á núlli, að hægt sé að greiða bæði hærra hráefnisverð og hærra laun. Danir hafa forskot á okkur, sem felst í nálægð við markaðina. Einnig er fiskiðnaður a.m.k. í

Noregi að einhverju leyti ríkisstyrktur. Hráefnisverð í Noregi er einnig mun lægra en hér. Ég skil heldur ekki hvers vegna verkalyðshreyfingin á Íslandi styður alltaf kröfur sjómanna. Sjómenn eru ein hæstlaunaða stéttin í landinu. Meðaltekjur þeirra sem veiða fiskinn eru nokkrum sinnum hærra en þeirra sem vinna hann í landi. Ég held að verkalyðshreyfingin ætti að hætta að bakka sjómenn upp í þeirri vitleysu að þeir fái ekki nóg borgað fyrir fiskinn. Þeir ættu heldur að einbeita sér að því að fara fram á það við sjómenn að þessari köku sé skipt jafnar. Ég bið menn að hugsa það til leikloka hvað gerist í bol-fiskvinnslunni ef bæði laun sjómanna og landverkafólks hækka. Ég er ekki viss um að margir vilji upplifa þær afleiðingar. Bolfiskvinnslan í landinu hefur verið rekin með umtalsverðu tapi síðustu ár og það vita allir sem vita vilja. Ég sé ekki fyrir mér að það elgi eftir að breytast. Alla vega eru ekki fram undan hækkanir á okkar helstu afurðum. Vandamálið er að hráefni er einfaldlega of dýrt fyrir bolfiskvinnsluna og við verðum að lifa í voninni um að það elgi eftir að



Ég held að verkalyðshreyfingin ætti að hætta að bakka sjómenn upp í þeirri vitleysu að þeir fái ekki nóg borgað fyrir fiskinn.

lækka. Aðalverkefnið í fiskvinnslu er að flaka fiskinn, skera burt beiingarönn og fína ormana. Í þessum verkum er flöskuháls vinnslunnar. Konur vinna venjulega þetta starf. Þetta eru mikilvægustu starfsmennirnir í frystihúsinu og ein góð snyrtikona er gulls ígildi. Við sjáum t.d. allt að fjórfaldan afkastamun á konum í snyrtingu. Mér finnst verkalyðshreyfingin vera á villigötum þegar hún vill minnka vægi bónusgreiðslna og auka vægi tímakaups.

Núverandi hópbónuskerfi þýðir að þeir sem eru góðir starfsmenn fá hlutfallslega minna fyrir sinn snúð. Ég segi þetta kerfi bestu leiðina til að allir fái jafnlág laun. Gulrótina vantar, en hún verður að vera til staðar.

Hópbónuskerfið er það versta sem komið hefur fyrir landvinnsluna á Íslandi. Hópbónuskerfi er eins og kommúnismi í framkvæmd; gengur ekki upp. Allir eru jafnir og smám saman leggja menn ekki sitt af mörkum því þeir fá enga umbun fyrir viðbótarframlag sitt. Eftir að einstaklingsbónusinn var lagður af hafa afköst í mínu frystihúsi minnkað um 30%. Við vitum að sumar konurnar skila fjórfalt meiri afköstum en aðrar en borgum þeim samt öllum sama kaup. Vandinn er sá að við höfum ekki aðstöðu til að mæla afköstin nákvæmlega, en það er grundvallarforsenda þess að hægt sé að greiða þeim hærra kaup sem skara framúr í afköstum. Það væri ekkert mál að hækka laun í fiskvinnslu um 10% að meðaltali með því einu að setja upp einstaklingsbónus”.

Hópbónuskerfi er eins og kommúnismi í framkvæmd; gengur ekki upp.

ATLAS FISKILEITARTÆKI

...Gæðin eru lykill að velgengni

Það er ekki á hverjum degi sem STN ATLAS ELEKTRONIK kemur með nýja dýptarmælalínu. En nú rúmum tíu árum eftir síðustu kynslóð ATLAS dýptarmæla sjá þeir loksins ástæðu til að koma með nýja línu.

Þessir dýptarmælar gefa betri úrvinnslu með nýju tölvustýrðu sendi/viðtæki þannig að daufu merkin eru greinilegri en áður og öll úrvinnsla í samræmi við það. Valmyndir eru allar á íslensku og er mjög auðvelt að vinna á mælana sem eru með 16" litaskjá sem tekur eldri skjám mikið fram. Mælarnir geta notað eldri ATLAS botnstykki og djúpsjárvasenda. Ýmsar nýjungar svo sem botnhörkugreining, magnmæling, staðsetning lóðninga með hjálp GPS tækis og fleira.

ATLAS fiskileitartæki eru hönnuð til þess að standast ýtrustu kröfur og hafa áreiðanleika og endingu eins og íslenskir sjómenn þekkja.



ATLAS EYKUR ENN FORSKOTIÐ!



ÍSMAR hf.

Síðamúla 37, 108 Reykjavík
Sími 508 8744 • Fax 508 8552



STN ATLAS ELEKTRONIK

A Sound Decision

Vélskólanemar, vélstjórar og vélfræðingar

Eflum félagið okkar
Styrkjum starfsemina
Gerist fullgildir félagar



Vélstjórafélag Íslands

Skrifstofur Vélstjórafélags Íslands eru á eftirtöldum stöðum:

Borgartúni 18,
105 Reykjavík
Sími 562 9062
Myndsendir 562 9086

Smárabraut 13,
780 Höfn, Hornafirði
Sími 478 1255

Skipagata 14
600 Akureyri
Sími 462 1870
Myndsendir 462 5251

Grundargötu 94
350 Grundarfjörður
Sími 438 6899

Félagslegir, framseljanlegir kvótar:

Byggðakvóti í Alaska

Ralph E. Townsend, hagfræðiprófessor við háskólann í Maine



Það sem læra má frá Alaska um notkun kvóta til byggðapróunar.

Þótt Ísland eigi sér einna lengsta hefð í heiminum varðandi notkun framseljanlegra kvóta til einstakra aðila, er samt uppi mikil umræða um ýmis grundvallaratriði þessa máls. Einn af meginþáttum þessarar umræðu tengist því hvort unnt sé að láta fleiri njóta góðs af þeim arði sem kvótinn gefur af sér. Ein aðferð til þess gæti verið að afhenda sveitarfélögum kvóta, þ.e. stofna til, "félagslegra kvóta". Í þessari grein er bent á hvað Íslendingar gætu lært á þessu sviði með því að kynna sér notkun kvóta til byggðapróunar í Alaska.

Kvótar til byggðapróunar

- hvernig þeim er beitt

Í Bandaríkjunum er heildarstjórnun fiskveiða fallin átta svæðisbundnum fiskveiðiráðum. Í þessum ráðum sitja fulltrúar fylkisstjórna, sjávarútvegs og alríkisstofnana. Fiskveiðum á Alaskasvæðinu er stjórnað af Norður-Kyrrahafs fiskveiðiráðinu. Þótt Washington og Oregon fylki eigi fulltrúa í ráðinu, hefur Alaska meirihluta og þar af leiðandi lykilaðstöðu. Ákvarðanir ráðsins eru háðar samþykki og stjórnun viðskiptaráðherrans, en framkvæmdina annast Fiskistofa Bandaríkjanna (National Marine Fisheries Service).

Afskekkt héruð í Alaska liggja að Beringshafi. Þessi svæði eru án vegasambands við aðra landshluta. Laun eru lág og atvinnustarfsemi er mjög háð hinu opinbera og utanaðkomandi fjármagni. Notkun fiskni-efna er algeng, svo og ýmis önnur félagsleg vandamál. Þrír hópar frumbyggja: Aljútar, Yupik eskimóar og

Inupiat eskimóar eru til samans um 78% íbúanna. Stundaðar eru fiskveiðar til eigin framfæriss og fiskneyslan á íbúa er um 200 kíló á ári. Varðandi efnahag og félagslegar aðstæður, gætu Íslendingar fundið ýmislegt sameiginlegt með vesturhluta Alaska og Grænlandi.

Afrakstur af veiðum á Alaska-ufsa í Beringshafi er um 1.3 milljónir tonna og aflaverðmæti upp úr skipi 200 milljónir Bandaríkjadala á ári (Sjá Ginter (1996) og Townsend (1996) varðandi nánari upplýsingar um kvóta til byggðapróunar). Iðnvæddur veiðifloti gerir út á tiltölulega lítt verðmætar fisktegundir til að vinna hrogn, surimi og flök. Með stjórnun á landsvísu þróuðust fiskveiðarnar mjög hratt. Árið 1976 var flotinn eingöngu erlendur, en 1991 samanstóð hann alfarið af amerískum skipum (og var þá orðið um offjárferingu að ræða). Vegna þess hve skipin voru orðin mörg veiddist allur hrognakvóti ársins 1994 á 29 dögum. Þessar skammtíma samkeppnisveiðar ollu sérstökum vandkvæðum í fiskvinnslunni á landi, sem horfði upp á dvinandi hlutdeild í aflakvótanum.

Fiskveiðiráðið brást við vaxandi vandamáli um með því að skipta kvótum milli strandveiða og landvinnslu, annars vegar, og sjóvinnslu, hins vegar. Fiskvinnslan í landi fékk 35% kvótans en 65% komu í hlut veiðiskipa sem unnu aflann um borð.

Hvort svið um sig stundaði sam-

keppnisveiðar um sameiginlegan byggðakvóta en nýjum aðilum var ekki hleypt inn. Í umræðum um skiptingu aflakvóta milli fiskvinnslu í landi og í hafi náðu fulltrúar frá Vestur-Alaska að tryggja að hagsmunir þeirra væru teknir til greina við skiptingu auðlindarinnar. Þess ber þó að geta að á þessu svæði var ekki

Árið 1976 var flotinn eingöngu erlendur, en 1991 samanstóð hann alfarið af amerískum skipum.

hefð fyrir veiðum á Alaska-ufsa. Niðurstaðan varð sú að 7.5% heildarkvótans, um 100.000 tonnum á ári á tímabilinu 1992-1996, var úthlutað sem „kvóta til byggðapróunar“. Ráðið ákvað síðar að bæta lúðu og makríl (*Anoplopoma fimbria*) við byggðapróunarkvótann. (Makrill er tiltölulega lífill hluti veiðanna, og verður ekki frekar fjallað um þann þátt hér).

Samfélög í Vestur-Alaska áttu rétt á hlut í byggðapróunarkvótanum ef meirihluti íbúanna voru frumbyggjar sem byggði að mestu á fiskveiðum í Beringshaf, til elgin neyslu eða til tekjuöflunar. Þau 55 byggðarlög sem áttu hlut að máli skiptust í 6 einingar. Í hverri einingu voru eitt til sautján byggðarlög. Fimm einingar höfðu arðsemi ekki að meginmarkmiði. Sjötta einingin, hins vegar, var skipulögð með sjónarmið hagnaðar að leiðarljósi. Svæðaskipting lúðukvótans var ákvörðuð af Alþjóðlega lúðuveiðiráðinu (International Pacific Halibut Commission). Af þeim sökum var um að ræða vissar tilfærslur á lúðukvóta á Pribilof og Aljúta eyjum.

Úthlutun byggðakvótanna fellur undir af efnahagspróunar-aráætlun fylkisins. Því hafði Alaskafylki yfirumsjón með kvótaskiptingunni. Við skiptinguna voru fjórir þættir sem höfuðmál skiptu; a) hversu nákvæmlega hafði verið farið eftir settum reglum, b) þörf fyrir kvóta, c) hvernig fiskveiðar höfðu verið stundaðar d) áætlanir um væntanlegar fiskveiðar.

Áhrif byggðakvótanna

Hvað varðar ufsakvótana, má segja að þeir hafi skilað byggðarlögunum verulegum fjárhagslegum afkastri. Verðmæti þessara kvóta hefur numið um 20 milljónum dollara árlega, eða nálægt 200 dollurum fyrir tonnið. Til samanburðar skal tekið fram að skv. upplýsingum Fiskveiðistofnunarinnar, hefur verðmæti ufsa, utan kvótanna, upp úr skipi numið u.þ.b. 200 dollurum á tonnið. Þetta bendir til þess, sem kemur nokkuð á óvart, að leigusverðmæti ufsakvóta til byggðapróunar er nokkurn veginn hið sama og verðmæti ufsans upp úr sjó.

Fimm af þeim sex byggðaeiningum sem áður voru nefndar gera leigusamninga við útgerðarfyrirtæki. Sú sjötta, hins vegar, Fiskveiðisamvinnufélag strandabyggða, nýtti kvótann til að fjárfesta í hlutafélagi sem rekur frystitogara. Þegar lítið er til baka, virðist sem fiskveiðisamvinnufélagið hafi gert óhagkvæman veiðisamning og aflað minni tekna af kvóta sínum en hin- ar einingarnar. Þetta vekur athygli á mikilvægu atriði varðandi ráðstöfun byggðakvóta; þ.e. að byggða-

kvótar geta í reynd orðið eins konar styrkur til veiðskipa sem eru óhagkvæmar í rekstri en keppinautarnir. (Hvað snertir byggðakvótana í Alaska, kann stefna fylkisstjórnarinnar að hafa stuðlað að þessari þróun með því að hygla þeim byggðum sem fjárfestu í ufsaveiðum).

Byggðarlögin fengu lúðukvóta 1995 og 1996. Þar sem lúðuveiðar eru einungis stundaðar af minni skipum sem gerð eru út frá þorpunum sjálfum, létu allar byggðirnar kvótann renna til sjómanna í þorpunum. (Ath. að öðru leyti er lúðuveiðum stjórnað með fram- seljanlegum kvótum til einstakra aðila).

Samkvæmt hagfræðikenningum ætti óhindraður aðgangur fiskimanna á svæðinu að skila svipuðum árangri og aðrar frjálsar fiskveiðar. Samtök fiskimanna í tveimur byggðarlögum, á Atka- og Pribilofeyjum fengu tiltölulega stóra lúðukvóta, sem leiða af sér eins konar fiskveiðar með takmörkuðum aðgangi í byggðarlögunum. Atka, með innan við 100 íbúa,

fékk 462.000 pund. Verðmæti þessa afla verður milli 600.000 og 900.000 dollarar á ári, eða 6000 dollarar á hvern íbúa. Á Pribilofeyjum var úthlutað 385.000 punda kvóta til samfélaga með alls 850 íbúa.

Augljós hliðstæða er milli byggðakvóta og kvóta til einstakra aðila. Strangt effirlit er nauðsynlegt.

Fiskvernd og fiskveiðistjórnun

Byggðakvótar hafa tiltölulega lítil áhrif á fiskveiðistjórnun þar sem sá málaflokkur heyrir undir sambandsstjórnina. En byggðarlögin taka ákvarðanir um effirlit með kvótaveiðum og varðandi fjárfestingar. Þessar ákvarðanir tengjast að nokkru stjórnun fiskveiða. Á fyrsta ári eftir úthlutun byggðakvóta hafði Fiskveiðistofnunin af því nokkrar áhyggjur að útgerðirnar sem þeir störfuðu með væru að reyna að fara fram úr úthlutuðum kvóta. Kannske þurfti þetta ekki að koma á óvart. Útgerðin greiddi byggðarlaginu fyrirfram ákveðinn kvóta, svo að byggðarlagið hafði enga sérstaka hvöt til að fylgjast grannt með fiskveiðunum. Fiskveiðistofnunin brást við þessu með því að birta reglur sem kröfðust nánara effirlits. Augljós hliðstæða er milli byggðakvóta og kvóta til einstakra aðila. Í báðum tilvikum er nauðsynlegt að halda uppi ströngu effirliti.

Byggðarlögin fjárfesta bæði í ufsavinnslu og öðrum fiskveiðum í Alaska. Nánast allir fiskistofnar í Alaska eru fullnýttir. Miklu skiptir hvort byggðakvótar stuðla að of- fjárfestingu í fiskveiðum. Kvótarinn fela í sér hvatningu til offjárfestingar vegna þess að stefnan er sú að fjármagn í tengslum við kvótana beinist eingöngu að fiskveiðum og skyldri atvinnustarfsemi. Því miður hefur

ALHLIÐA SKIPAÞJÓNUSTA

Viðgerðir • Vinnslukerfi • Endurbyggingar • Nýbyggingar




Flotkví. Lyftigeta: 5000 t
Dráttarbraut 1. Lyftigeta: 1000 t
Dráttarbraut 2. Lyftigeta: 150 t


 **Slippstöðin hf**

Hjalteyrargötu 20
Pósthólf 440, 602 Akureyri
Sími 461 2700
Fax 461 2719

 **STÁL BOBBINGAR**



 **MILLI BOBBINGAR**



 **TROLL BÚNAÐUR**

Klafar • Þríhyrningar
Gjarðir • Rosslyklar
Brillur • Byssukrókar
Merlsþirur • Lóð • Úrrek
Hákarlsuggar • Hringir
Millibobbingar • Skifur
Rossplötur • Kleinur
og fleira

ÁRATUGA FRAMLEIÐSLUPEKKING **TRYGGIR** ÚTGERÐARAÐILUM **ÖRUGGA** VÖRU



GÚMMÍVINNSLAN HF.

ADALSKRIFSTOFA • RÉTTARHVAMMI 1 • 603 AKUREYRI • SÍMI 461 2600 • FAX 461 2196
BOBBINGAVERKSMÍÐJA • LAUFÁSGÖTU 1 • 600 AKUREYRI • SÍMI 461 2712 • 462 1241

1203



sæplast

PÓSTHÓLF 50, 620 DALVÍK, SÍMI: 466 1670, BRÉFSÍMI: 466 1833, GRÆNT NÚMER: 800 8670

PIZZA 67

SÍMI 461 2967
GEISLAGÖTU 7 - 600 AKUREYRI

Spánverjum þykir vel verkaður saltfiskur herramannsmatur



Íslenskir fiskframleiðendur fá gott verð fyrir góðan fisk. Það segir til dæmis sína sögu að fyrsta flokks saltfiskur er dýrari á Spáni en gott nautakjöt. En til að framleiða fyrsta flokks saltfisk þarf gott hráefni, hreinlæti og vönduð vinnubrögð – og síðast en ekki síst nóg af góðu salti. Þú færð alltaf gott salt hjá okkur, hvenær



sem þú þarft á því að halda. Birgðastöðvar okkar eru um allt land.



HAFNARBAKKI
 v/Suðurlhöfnina - 220 Hafnarfjörður
 Sími 565 2733 - Telefax 565 2735

Alaska fylki ekki verið andsnúið offjárfestingu í fiskveiðum, ef ætlunin er að keppa við fiskiskip utan fylkisins.

Það er ekki að undra þótt byggðarlögin láti slig markmið fiskveiðistjórnunar litlu skipta, enda beinist athygli þeirra að efnahagslegri uppbyggingu. Þetta sýnir hins vegar að beita verður miðstýringu til að ná fram fiskverndarsjónarmiðum þar sem byggðakvótum hefur verið komið á.

Tengsl við framseljanlega kvóta til einstakra aðila innan samfélagsins

Kannski getur reynslan af byggðakvótum leitt til eins konar fyrirmyndar að "samfélagslegum einstaklingskvótum". Nota mætti byggðakvóta til að ná sama fjárhagslegum afrakstri og einstaklingskvótinn gefur. Tekjurnar mætti svo nýta til að auka fjárútlát á vegum byggðarlagsins eða draga úr skattheimtu (eða hvort tveggja). Séu einstaklingskvótar einfaldlega gefnir fiskimönnum, leiðir það til samþjöppunar hagnaðar sem oft veldur félagslegum eða pólitískum vandræðum. Þannig gæti viðtækari aðild að hagnaði í formi félagslegs kvóta verið ákjósanlegri kostur. Enn er samt eftir að leysa það vandamál hvernig arðinum skuli skipt innan samfélagsins. Ein hættan sem af þessu leiðir er sú að samfélagið fylgi stefnu sem dregur úr, eða eyðir, hagnaði af kvótum til einstaklinga.

Reynslan af byggðakvótum hefur sýnt ótvírætt fram á þá hættu að hugsanlega verði arðsemi kvótanna rýrð. Í fyrsta lagi má nota byggðakvóta (eða tekjur af kvótaleigu) til að styðja óhagkvæmar veiðar eða vinnslu. Byggðarlög á Íslandi styðja ýmsan atvinnurekstur á viðkomandi stöðum og byggðakvótar til einstakra aðila gætu fjölgað tækifærum til fjárstuðnings af slíku tagi. Einnig gætu byggðarlögin freistast til að stunda dýra samkeppni til að ná til sín viðbótarkvótum handa fiskimönnum á staðnum. Samkeppni af þessu tagi gæti valdið verulegum verðhækkunum á kvótum til einstaklinga. Í öðru lagi gætu sum byggðarlög notað kvóta sína til að byggja upp samkeppnisveiðar á staðnum eins og gerðist varðandi byggðakvóta lúðu í Alaska. Tilförlulega margir eigendur smærri báta á Íslandi hafa veruleg pólitísk áhrif og þeir gætu talið sum byggðarlög á að nota kvótana til að veita þeim sérstakan aðgang að fiskveiðum.

Í Alaska hefur fylkið töluvert vald til að ráðstafa arði af byggðakvótum. Á sama hátt gæti ríkisstjórn takmarkað notkun kvóta, sér í lagi til að koma í veg fyrir

ákvarðanir innan byggðarlagsins sem draga úr arðsemi kvótans. En ríkisstjórnir eru ekki alltaf hlutlausar. Fylkisstjórnin í Alaska fylgdi stefnu sem lét offjárfestingu afskiptalaus, ef hún ekki beinlínis ýtti undir hana. Alaska takmarkaði einnig nýtingu kvótafjármagns við fjárfestingu í fisklönaði sem trúlega dró úr arðsemi kvótans á viðkomandi stöðum. Íslensk stjórnvöld sem verða að tryggja tilvistarmöguleika dreifbýlisins væru hugsanlega ekki mótfallin styrkjum til atvinnufyrirtækja á viðkomandi stöðum. Þannig yrði úthlutun kvóta til byggðarlaga á Íslandi óhjákvæmilega að hápólitísku ferli.

Það kann einnig að vera ástæða til að halda hluta kvótans í ríkiseign ásamt, með, eða í staðinn fyrir, að hann sé í eigu byggðarlaganna. Augljós kostur þessa fyrirkomulags er að þannig myndi afraksturinn dreifast til allrar þjóðarinnar. Einnig mætti nota kvóta sem ríkið leigði út til að standa straum af kostnaði við veiðieffirlit, stjórnsýslu, hafnarmannvirki og rannsóknir. Sér í lagi er þörf á kostnaðarsömu effirliti, þegar um er að ræða kvóta til einstakra aðila. Einnig mætti nota leigutekjur til að kaupa upp skip. Einnig mætti koma á fót ríkisstofnun sem ætti kvótann án þess að taka af honum arð, en nýtti tekjurnar til að fjármagna veiðieffirlit, rannsóknir, uppbyggingu mannvirkja og/eða endurgreiðslu fyrir leyfi sem skilað væri inn. (Kanada hefur t.d. sett á stofn fyrirtæki fjármögnuð af iðnaðinum til að halda uppi effirliti með kvótum til einstakra aðila).

Útdráttur

Ufsakvótum til byggðarlaga var skipt upp í kvóta til einstakra aðila, innan fiskveiðikerfis sem að öðru leyti var opið. Þetta skapaði umtalsverðar leigutekjur fyrir byggðarlögin. Í lúðuveiðunum mynduðu byggðakvótarinnir opið veiðikerfi sem starfrækt var samhliða kvótum til einstakra aðila, og afleiðingin varð minni arður af veiðunum. Þessar tvær andstæðu niðurstöður sem hluti af sömu fiskveiðistefnu gefa til kynna þann breytilega afrakstur sem búast má við í sambandi við skipan annarra byggðakvóta.

Þakkir

Þessar rannsóknir voru studdar af National Sea Grant Program (Hafrannsóknastofnun) og National Marine Fisheries Service (Fiskistofu Bandaríkjanna). Þakkir til margra einstaklinga innan stjórnsýslunnar í Alaska og einstakra byggðarlaga fyrir veitta aðstoð.

Reynslan af byggðakvótum hefur sýnt ótvírætt fram á þá hættu að hugsanlega verði arðsemi kvótanna rýrð.

Ritaskrá

Ginter J.C. 1996, The Alaska community development quota fisheries management program (stjórnun fiskveiða með kvótum til þróunar einstakra byggðarlaga í Alaska). Ocean and Coastal Management (Stjórnun haf- og strandsvæða) 28 (1-3): 147-163.

Townsend, R. 1996, An economic assessment of Alaskan community development quotas (hagfræðilegt mat á byggðapróunarkvótum í Alaska).

Skýrsla samin fyrir fiskveiðistofnunina í Juneau AK. bls. 59.

SIÓVÁLDI ALMENNAR



Rafveita
Akureyrar
Þórsstíg 4
Akureyri

olis



STYRIMANNASKÓLINN REYKJAVÍK



Umsóknir um skólavist
skólaárið 1997-1998
skal senda fyrir 10. júní n.k.
Sími 551 3194 - Bréfsími: 562 2750
Skólameistari: 551 3046

Póstfang:
Stýrimannaskólinn í
Reykjavík, Box 8473,
128 Reykjavík.



- 1. stig**
- a. Skipstjóri á 200 rúmlesta fiskiskip og minni í innanlandssiglingum.
 - b. Undirstýrimaður á 500 rúmlesta fiskiskip og minni í innanlandssiglingum.
- 2. stig**
- a. Skipstjóri á fiskiskip af ótakmarkaðri stærð.
 - b. Skipstjóri á 200 rúmlesta kaupskip og minni í strandsiglingum.
 - c. Undirstýrimaður á kaupskip og varðskip af ótakmarkaðri stærð og farsviði.

- 3. stig**
- a. Skipstjóri/yfirstýrimaður á kaupskip af hvaða stærð sem er; ótakmarkað farsvið.
 - b. Yfirstýrimaður á varðskip af ótakmarkaðri stærð.
- 4. stig**
- a. Skipherra á varðskipi.
 - b. Réttur til inngöngu í Tækniskóla Íslands.

Skólaárið skiptist í tvær annir, haust og vorönn
Haustönn frá sept.-jóna/vorönn frá jan.-maíloka

SJÁVARÚTVEGSBRAUT - fyrir þá sem hafa lokið grunnskólaprófi, hefst nú í haust

1. GMDSS - fjarskiptanámskeið

Notkun fjarskiptatækja, INMARSAT-A og -C, NAVTEX, EPIRB o.fl.
Námskeið: 8. apríl - 17. apríl, 21. apríl - 30. apríl,
12. maí - 22. maí.

Umsjón: Þórður Þórðarson.

2. ARPA - Siglingasamlikir

(Er unnt að taka í beinu framhaldi af GMDSS- námskeiði).

Umsjón: Vilundur Viðir Sigurðsson.

3. Staðarákvörðunartæki - GPS o.fl.

Umsjón: Pálmi Hlöðversson og Benedikt Blöndal.

4. Ratsjárnámskeið (trillusjómenn)

Umsjón: Benedikt Blöndal.

5. Tölvunámskeið

Fyrir farmenn og fiskimenn. Kvöld- og siðdegisnámskeið - 5 kvöld. 25 klst.

Umsjón: Jón Þór Bjarnason.

6. Meðferð hættulegra efna í þurrflutningum - IMDG

Umsjón: Jón Þór Bjarnason.

7. Fiskileit

Dýptarmælur, Mac-Sea-tölva, sjálfstýringar. Kynning á fiskveiðisamliki.
Kvöldnámskeið - 3 kvöld. Undanfari: Enginn. Verð kr. 7.500.

Umsjón: Benedikt Blöndal.

8. Sjúkra- og slyshjálpar fyrir sjómenn - Lyfjakista

Umsjón: Kristinn Sigvaldason, læknir.

9. Stöðugleiki - undirstöðuatríði fyrir smábátamenn

Kvöldnámskeið 3 kvöld. Undanfari: Enginn. Verð kr. 7.500.

Umsjón: Pálmi Hlöðversson.

10. 30 rúmlesta námskeið - 130 klst. vor og haust

Dagnámskeið í maí og september ef næg þátttaka fæst.

Skráning og nánari upplýsingar alla virka daga
kl. 8-14 í síma 551 3194. Bréfsími: 562 2750.

Umsækjendur snúi sér til skrifstofu Stýrimannaskólans
eða umsjónarmanns hvers námskeiðs.

Skólameistari

FÉLAGSLÍF STAFNBÚA

Dorgveiði -keppni



Allir komu þeir aftur og enginn þeirra...



Eins konar þorskastríð!



Harley Davidson og Marlboromaðurinn dæmdu fyrir okkur.



Vonleysið uppmálað.



Nei stelpur,
þeir fiska sem . . . RÓA!

FÉLAGSLÍF STAFFNBÚA



Í Vestmanna-
eyjum

Á leið í loðnutúr og
veifa glaðlega.



Já, og sumir eru víst bláir...



Austfjarðarleið

Fyllt á alla tanka á Raufarhöfn.



Já, Vopnfirðingar kunna að
bjóða menn velkomna.



Sprellmót

Gög og Gokke
taka lagið.

Fóðrun ígulkerana

Agnar Steinarsson, sjávarlíffræðingur á tilraunaeldisstöð
Hafrannsóknarstofnunarinnar í Grindavík



Ígulkeravinnsla á Íslandi

Ígulkeravinnsla hefur verið starfrækt á Íslandi síðan 1992. Kynkirtlar (hrogn) ígulkeranna eru unnir á Íslandi og síðan seldir á uppboðsmarkaði í Japan. Veidi á ígulkerum náði hámarki árið 1994 þegar veidd voru 1409 tonn á landinu öllu. Þá fór hins vegar að draga verulega úr veiði og árið 1995 var heildarafinn 923 tonn (Fiskifélag Íslands, munnl. uppl.). Afinn á árinu 1996 virðist ætla að verða í kringum 500 tonn. Þegar mest var voru 15-20 vinnslur starfandi víða um land en nú er hins vegar svo komið að ígulkeravinnsla hefur nánast lagst af. Í dag eru aðeins 2-3 vinnslur í rekstri en framleiðsla þeirra er þó aðeins brot af því sem áður var.

Samdráttur í vinnslu

Ýmsar ástæður eru fyrir þessum mikla samdrætti í greininni. Vegna mikillar tímabundinnar sóknar er búið að fullnýta bestu veiðisvæðin. Veiðiafköst hafa dregist saman og gæðum ígulkeranna hefur hrakað. Stórvirkir plógar hafa víða skilið eftir sig sviðna jörð og endurnýjun svæðanna gæti tekið mörg ár (Ellert Vigfússon, munnl. uppl.). Á sama tíma hafa markaðsaðstæður gjörbreyst. Í kjölfar matareitrunar sem herjaði á Japani á síðasta ári hefur dregið mjög úr eftirspurn eftir ferskum hrognum. Innflutningur á heilum ígulkerum hefur stórauðist og munar þar mest um mikild magn frá Rússlandi. Afleiðingin er sú að verð fyrir íslensk hrogn hefur lækkað verulega. Ýmis teikn eru þó á lofti um það að markaðurinn sé að jafna sig smátt og smátt.

Fóðrun ígulkerana

Það hefur staðið vinnslunni fyrir þrifum að gæði ígulkeranna eru afar mismunandi eftir svæðum og árs-

tíðum. Að auki er hráefnisöflun ótrygg vegna veðra og veiðar liggja niðri í 3-4 mánuði yfir hrygningartímann á sumrin. Komið hefur í ljós að hægt er að auka fyllingu ígulkeranna með því að flytja þau í eldisstöðvar og ala þau á þörungum. Slíkt kemur sér að sjálf-sögðu vel fyrir ígulkeravinnslu. Einnig getur verið mikilvægt að hafa alltaf birgðir af ígulkerum til reiðu þegar veiðar bregðast vegna veðra. Það er því fyllsta ástæða til þess að gera rannsóknir á fóðrun ígulkerana.


**Veiðiafköst hafa
dregist saman og gæðum
ígulkeranna hefur
hrakað.**

Íslenskar rannsóknir

Síðan 1993 hafa verið stundaðar rannsóknir á fóðrun ígulkerana (skollakoppa) í Tilraunaeldisstöð Hafrannsóknarstofnunar á Stað við Grindavík. Ónýtanlegum ígulkerum er safnað í Hvalfirði og þau síðan flutt í eldisstöðina þar sem þau eru alin á hrossapara í eldiskerjum. Fylgst er með vaxtarhraða, fóðurnýtingu og hrognafyllingu ígulkeranna. Rannsóknirnar skiptust í þrjá hluta og er tveimur þeirra nú þegar lokið.


Fóðrun smárra ígulkerana

Í fyrsta hluta rannsóknanna voru smá ígulker alin við 7°C í tvö ár. Helstu niðurstöður eru sýndar á mynd 1:



Mynd 1. Vöxtur ígulkerana við 7°.

Niðurstöðurnar voru að mörgu leyti mjög athyglisverðar. Þyngdarvöxtur var nánast línulegur allan tímann eða í kringum 2.5 g á mánuði. Þetta þýðir að þyngdarvöxturinn var nánast óháður stærð ígulkersins. Vaxtarhraðinn var margfaldur á við það sem þekktist við náttúrulegar aðstæður hérlendis. Á mynd 2 er sýnt hvernig át og fódurnýting ígulkeranna breyttist þegar leið á eldistímann.




Mynd 2. Hlutfallslegt át og fódurnýting við 7°C.

Át ígulkeranna var mælt sem hlutfall af þyngd á dag. Fódurstuðullinn er hlutfallið á milli áts og vaxtar hjá ígulkerunum. Myndin sýnir að átið minnkaði smátt og smátt og fódurstuðullinn hækkaði stöðugt þegar leið á eldistímann. Líkleg skýring á síhækkandi fódurstuðli er sú að kynkirtlarnir verði sífellt stærri hlutur af þyngdaraukningunni. Kynkirtlarnir eru orkuforði ígulkersins og mun orkurikari en aðrir hlutar ígulkersins. Það þarf því hlutfallslega meira fóður til þess að mynda kynkirtla en aðra hluta ígulkersins. Hlutfall kynkirtla var að meðaltali 30.1% í lokin.

Fóðrun við ýmis hitastig

Í öðrum hluta rannsókna voru stór ígulker alin við 1, 7 og 12°C í fjóra mánuði. Helstu niðurstöður eru sýndar á mynd 3:




Mynd 3. Áhrif hitastigs á vöxt ígulker.

Þyngdaraukningin var mest við 7°C, næstmest við 12°C og minnst við 1°C. Fyrstu 7 vikurnar þyngdust ígulkerin nánast ekkert en eftir það þyngdust þau sem næst línulega. Við 7°C var þyngdaraukningin nánast línuleg í kringum 2.5 g á mánuði síðustu 11 vikurnar.


Hlutfall kynkirtla af heildarþyngd var 12.6% í upphafi við öll hitastig. Í lokin var hlutfallið hæst við 7°C

(25.4%), næsthæst við 12°C (23.5%) og lægst við 1°C (19.3%). Vegna mismikillar þyngdaraukningar ígulkeranna er meðalþyngd kynkirtla (g/ígulker) hins vegar betri mælikvarði á myndun kynkirtla en breytingar á hlutfalli kynkirtla. Myndun kynkirtla við mismunandi hitastig er sýnd á mynd 4:



Mynd 4. Áhrif hitastigs á myndun kynkirtla.

Myndun kynkirtla var mest við 7°C (10.1 g/ígulker), næstmest við 12°C (8.0 g/ígulker) og minnst við 1°C (5.0 g/ígulker). Myndun kynkirtla nam því að meðaltali um 2.5 g á mánuði við 7°C, 2.0 g á mánuði við 12°C og 1.25 g á mánuði við 1°C. Á mynd 5 er sýnt hversu mikið fóður þurfti til við myndun kynkirtla:



Mynd 5. Fódurnýting við myndun kynkirtla.

Fódurstuðull fyrir myndun kynkirtla (át/myndun kynkirtla) var lægstur við 7°C (22.6), næstlægstur við 1°C (24.5) og hæstur við 12°C (32.3). Fódurnýtingin var því best við 7°C og til muna verst við 12°C.

Niðurstöður rannsókna

Niðurstöðurnar sýna að smá ígulker geta vaxið margfalt hraðar við eldisaðstæður en náttúrulegar aðstæður. Athyglisvert er að þyngdarvöxturinn skuli vera nánast línulegur eftir að ígulkerin ná stærðinni 2-3 sm. Einnig er athyglisvert að fódurstuðullinn hækkar stöðugt með aukinni stærð og endurspeglar þannig síhækkandi hlutfall kynkirtla.

Niðurstöðurnar benda til þess að 7°C séu heppilegt hitastig til fóðrunar á ígulkerum. Vaxtarhraði var meiri og fódurnýting betri en við 1 og 12°C. Það er einkum léleg fódurnýting sem veldur því að 12°C kemur illa út í samanburði við lægri hitastigin. Það er athyglisvert að ígulkerin skuli éta og vaxa ágætlega við jafn lágt hitastig og 1°C. Myndun kynkirtla við 1°C er um 50% af myndun kynkirtla við 7°C. Það virðist því koma vel til



Einkabankinn er öflugasta leiðin til þess að vera vel **heima** í fjármálum

Einkabankinn - bein tenging milli tölvunnar þinnar og bankans gerir þér kleift að nýta tölvuna enn betur fyrir fjármálin - hvar sem þú ert.

Meiri möguleikar og einföldun aðgerða s.s.

- yfirsýn yfir allar aðgerðir í valmynd
- hægt er að greiða alla reikninga í einni aðgerð.

Þú getur tengst Einkabankanum með disklingi í PC eða Macintosh einkatölvu hvar sem er og fengið aðgang að margþættri þjónustu Landsbankans hvenær sem er sólarhringsins.

EINK **A** BANKI
þinn
alltaf vel heima

Hringdu eða komdu og fáðu upplýsingar um yfirburði Einkabankans.


**Landsbanki
Íslands**
Banki allra landsmanna


Heimasíða: <http://www.centrum.is/lbank/>

greina að fóðra ígulker á svæðum þar sem sjávarhiti er að jafnaði lægri en 7°C.

Það er greinilegt að með því að veiða ígulker og fóðra þau með þörungum í eldisstöð, er hægt að auka verðmæti þeirra verulega. Við kjöraðstæður geta ígulkerin umbreytt 23 kg af hrossaþara í 1 kg af verðmætum hrognum. Ígulkerin þurfa lítið sjórennsli og hafa mjög lágan kjörhita. Allar líffræðilegar forsendur virðast vera fyrir hendi til þess að stunda megi umfangsmikla fóðrun á ígulkerum í eldiskerjum á landi. Helsta vandamálið er það að þróa hagkvæmt og afkastamikil eldiskerfi sem jafnframt hentar ígulkerunum.




Ígulker að éta upp þaraskóg.




Fóðrun ígulkerá í stærri skala

Í þriðja hluta rannsóknanna sem nú er að hefjast, verður fóðrun ígulkerá prófuð í mun stærri skala en

áður. Tílaunin fer fram í 30 m² útikeri og þar verða alin um 600 kg af ígulkerum í 2-4 mánuði. Um er að ræða samvinnuverkefni Hafrannsóknarstofnunar og Íslenskra ígulkerá og er verkefnið styrkt af RANNÍS og Byggðastofnun.





Eat-blanda

**KAFFIBRENNSLA
AKUREYRAR HF**

Besti hausari sem völ er á



Óseyri 16, Akureyri
Sími 461 1020
Fax 461 1134

Hausar fisk með mun betri nýtingu en aðrir hausarar á markaðnum, þökkunarýting eykst um allt að 3%.



Hausun fyrir flökun og söltun, kinnun og fésun.



Hausar með eða án klumbubeins. Tryggir hreinan skurð og jafnan hnakka.



Sjómenn - útgerðarmenn

*Starfrækjum
fjarskipta- og gólfmarkað
í Ólafsvík*

*Útvegum kör og ís
og veitum þjónustu með
lyfturum á bryggju*

Fiskmarkaður Snæfellsness hf.

Sími: 436 1611 & 436 1633

Fax: 436 1622

Farsími: 854 7522

GSM: 894 7522

Símboði: 846 0516

LÍNA

• ÁBÓT

• BEITA



NETASALAN HF

SÍMI 568 1819



Hágæða smurolíur fyrir matvælaíðnað

USDA H1

ISO 9001

Obeen UF
Viscoleb PR
Viscoleb 150
Optileb GT
F + D Sprey
Optileb HY

Koppafeiti
Loftkerfisólía
Keðjuólía 32, 150 & 1500
Gírolía 220, 460 & 680
Alhliða olía á úðabrusa
Vökvakerfisólía

Á. BJARNASON ehf.

Trönuhrauni 1 • Pósthólf 183 • 222 Hafnarfjörður
Sími 565 1410 • Farsími 85 23780 • Fax 565 1278

Sjóarinn og hafmeyjan

Smásaga eftir Andra Snæ Magnason



Ástarsagan *Sjóarinn og hafmeyjan* er úr smásagnasafni Andra Snæs sem heitir *Engar smá sögur og Mál og menning gaf út*. Andri hefur einnig sent frá sér hasarljóðabókina *Ljóðasmygl og skáldarín* og metsölubókina *Bónusljóð* sem inniheldur ódýran kveðskap.

Báturinn hans Ara vaggaði letilega á haffletinum, hann var að draga upp síðustu línuna og tími til kominn að stefna aftur til lands. Stundum velti Ari fyrir sér, til hvers hann væri að fara í land, þar væri ekki eftir neinu að slægjast, hann þyrfti bara að landa þessum örfáu öfuguggum sem bitu á línurnar og fá olíu á bátinn.

Oft varð honum hugsað til síldaráranna, þá var gaman að lifa, maður var annaðhvort á sjónum eða í landi á kvennafari. Það skipti heldur engu á hvorum staðnum maður var, aflinn var ávallt góður. En svo hvarf síldin og skömmu síðar fór kvenhyllin sömu leið. Nokkur aukakíló ollu því að síldin sem hann lét húðflúra á upphandlegginn í Hull varð með árunum líkari lúðu eða skötu. Ljósi sveipurinn í hárinu gránaði og fjórlegu bláu augun urðu þreytuleg og blóðhlaupin. Veðurbitið andlitið varð biturt á svip í stöðugu andviðri lífsins. Ari fékk pláss á ryðkláfi fyrir norðan en notfærði sér sjaldnast frítúrana enda ekki sama fjörið í landi og forðum.

Hann bjó um tíma með einni af barnsmæðrum sínum en einhvern veginn var hún ópolandi í sambúð. Hann hafði alla tíð búið einn og vanist því að halda frekar láttlaust heimili, ekkert að stressa sig yfir smá óreiðu, en hún gat bara alls ekki skilið það. Viku eftir að þau fluttu saman var varla hægt að þverfóta í íbúðinni fyrir blómum, sófasettum, gardinum og matarstellum. Þær örfáu stundir sem hann var í landi kvartaði hún endalaust yfir óhreinum nærfötum útum allt hús. Skammaði hann fyrir að fara sjaldan eða aldrei í sturtu, fyrir að vera sífullur og fyrir að gleyma nafninu á Jóni litla og kalla hann alltaf þú. Þú farðu í háttinn. Ekki læti þú þarna.

Það hlaut líka að koma að því að Ari fengi nóg. Eitt sinn er skipið fór í slipp til Reykjavíkur hélt hann frá borði og lét ekki sjá sig aftur, enda orðinn hundleiður á að láta kerlinguna og alla skipa sér fyrir verkum, nú skyldi hann hefja nýtt líf. Ari leigði lítið ris í Vesturbænum og keypti sér gamla trillu, hann ætlaði að verða sjálfs sín herra.

En lífið var nokkuð einmanalegt í bænum. Það hafði alltaf verið einhver félagsskapur á skipinu, það var alltaf hægt að tala um síldarárinn og gellurnar á böllunum í gamla daga. Núna talaði hann bara við gömlu karlana á bryggjunni um veðrið og eini kvenmaðurinn sem hann hafði talað við síðan suður var komið vann hjá Tilkynningaskyldunni. Þegar hún tjáði honum kurteislega einn daginn að það væri nóg að tilkynna sig þegar hann færi á sjó, en ekki á klukkutíma fresti alla daga, hnussaði hann biturlega að konur væru engu gáfaðri en hundar eða önnur húsdýr.

Á miðunum var hann einn með sjálfum sér. Oft varð honum hugsað til ævintýranna sem afi hans sagði honum í æsku. Sögur af hafmeyjum sem væru með kvenmannslíkama fyrir ofan beltisstað en sporð þar fyrir neðan. Þrátt fyrir ægifegurð voru þær viðsjárverðar, og skyldi Ari gæta þess að sigla aldrei á sjó í regnúða undir fullu tungli, því þá gæti myndast njólu-baugur, regnbogi af tungli, og þá kæmu þær upp á yfirborðið til að heilla sjómenn til sín með söng sínum og draga þá niður í undirdjúpin.

Hugsanirnar um hafmeyjar urðu eina haldreipi Ara í tilbreytingarleysinu. Hafmeyjar voru einu konurnar sem gætu skilið að sjómennskan er ekkert grín. Þær myndu þekkja af eigin raun baráttuna við öldurnar,



Úr sjó til sælkera

í glæsilegum og vönduðum umbúðum frá Kassagerð Reykjavíkur. Hjá Kassagerðinni hefur átt sér stað áratuga þróunarstarf við gerð margskonar fiskumbúða. Hönnun og önnur sérfræðisþjónusta á staðnum. Hafið samband og við leysum málin fljótt og vel.



KASSAGERÐ REYKJAVÍKUR HF

VESTURGARÐAR 1 104 REYKJAVÍK SÍMI 55 38383 BRÉFASÍMI 55 38598

NÝR MÖGULEIKI Í KORTAVIÐSKIPTUM



Með rétta kortið upp á vasann áttu margt gott í vændum!

Þú safnar punktum í viðskiptum við Flugleiðir og með notkun Vildarkortanna hjá völdum verslunar og þjónustufyrirtækjum hér á landi.

Þegar ákveðnum punktafjölda er náð getur þú notað punktana sem greiðslu á farseðlum, bílaleigu og hótulgistingu hjá Flugleiðum. Einnig geturðu notað punktana hjá samstarfsaðilum Flugleiða eftir nánari upplýsingum hverju sinni.

Ársfjórðungslega eða oftár muntu njóta einstakra ferðatilboða.

Fyrst og síðast eru nýju kortin alþjóðleg greiðslukort og tákni um trúnað og traust. Þau eru ígildi Farkorts eða Gullkorts, nýtskuleg fríðindakort með traustum ferðatryggingum og neyðarþjónustu.

SÉRSTÖK SKIPTIKJÖR!

Aflaðu þér með einu símtali upplýsinga,- um sérstök skiptikjör og kortatilboð hjá þínum banka, sparisjóði eða VISA í síma 525 2000



ÁLFABAKKA 16, 109 R sími 525 2000 - fax 525 2020

boðaföll og brotsjó. Þær myndu skilja menn sem fá sér í glas eftir erfiðan túr til að laga sjóriðuna.

Þetta varð að hálfgerðri þráhyggju hjá Ara, raunveruleikaskyn hans fór alveg úr skorðum og oft reyndi hann að ímynda sér hvernig beitu þær tækju og hvernig best væri að geyma þær. Ari lét sig dreyma um villt ástaratlot með hafmey á dekkinu, eftir að hún sæi hverslags prins hefði veitt hana, þau myndu elskast í takt við öldurótið, með saltbragð á hörundinu þar til sólin hnigi til víðar.

Í kvennamálum þóttist Ari enginn aukvísí, hann hafði komist í tæri við öll litbrigði og allar stærðir kvenfólks á sinni sjómannsævi, komst meira að segja uppá eina svarta kerlingu í Grimsby, þá voru þeir líka stoltir af honum félagarnir. En hvað myndu þeir segja um hafmey?

Þannig gekk þetta í langan tíma hjá honum. Karlarnir á bryggjunni sem voru alltaf til í að ræða um beitur og veiðar voru farnir að sniðganga hann. Hugleiðingar um matarvenjur hafmeyja áttu ekki upp á pallborðið á þeim bænum. Afgreiðslumennirnir í Ellingsen virtu Ara ekki viðlits eftir að hann pantaði hjá þeim vatnsheldan varallit og sporðlaga netsokkabuxur.

En það voru ekki aðeins umræðuefnin sem breyttust hjá Ara. Allt í einu var hann farinn að halda grunsamlega vel snyrtur í útróðra. Nýrakaður lagði hann úr höfn í gjáfaegðum klofstígvélum. Lopapeysan ilmaði af rakspíra og það sást aldrei svo mikið sem slorsletta á appelsínugula sjóstaknum frá 66°N.

Kona að ofanverðu en fiskur að neðan, í þessari einu veru var ímynd alls þess sem hann hafði nokkurn tíma dreymt um, fögur kona en jafnframt mjög stór fiskur. Hafmey myndi líka vera auðveldari í sambúð heldur en gamla truntan, varla myndi hafmey kvarta undan drasil, hún sem kemur úr sjónum þar sem öllu ægir saman.

Eitt sinn sem endranær var Ari úti á Faxaflóa að draga ýsur, það var þrútið loft og þungur sjór, smá regnúði í lofti og fullt tungl. Af gamalli hjátrú ákvað hann að hala inn

línurnar og sigla heim. Þær voru allar tómar nema ein sem var óvenju þung þó að enginn fiskur kæmi í ljós á margra metra spotta. Greinilega stórlúða eða eitt-hvað álíka á færinu. Loks mótaði fyrir dökkri þúst í undirdjúpunum, sporður sást og síðan óljós kvenmannslíkami.

Hið litla hjarta sjómannsins tók kipp. Gat þetta verið hafmey? Varla. Fyrir norðan fengu þeir einu sinni lík í vörpuna og ekki vildi hann sjá slíkan viðbjóð aftur, lö-andi í marflóm. En líkið á línunni hreyfði sig, svo Ari hafði hraðan á og innbyrti að lokum spriklandi og skyrpandi veruna, með sítt ljóst hár og sporð. Þetta fyrirbæri virtist við fyrstu sýn vera kona, hálfgleypst af hákarli, ósjálfrátt ætlaði hann að rota hana við borðstokkinn eins og allt annað kvíkt sem hann dró úr sjónum en hætti snarlega við það. Hafmey! Hvar andskotinn, þetta getur ekki verið, hugsaði Ari um leið og hann losaði krókinn úr sporði hennar.

Hún var ægífögur, rétt eins og hann hafði ímyndað sér, augun græn eins og grunnslóð, hárið gult eins og skeljasandsfjara og varir hennar rauðar sem soðinn trjónukrabbí. Hún hafði silfurhreistraðan sporð og brjóst líkust tveim hörpuðiskum. Hún hélt á gígju með gullnum strengjum og var búin að reyna að seiða hann til sín allt kvöldið en Ari heyrði ekkert fyrir vélar-skellum og hann sá heldur ekki njólubauginn. Hún var á niðurleið þegar sporðurinn flæktist í línunni.

-Hæ, sagði Ari vandræðalegur.

-Hæ, sagði hafmeyjan rjóð í vöngum..



Flaira sögðu þau eiginlega ekki, gutu bara feimnislega augum hvort á annað en litu jafnskjótt undan.

Hérna var hún lifandi komin, jafnvel fullkomnari en í dagdraumunum. En hvað átti hann nú að gera? Hann hafði í rauninni ekki hugsað málið til enda, hvernig áttu þau að geta búið saman, hann sem átti ekki einu sinni vatnsrúm og hvað myndu nágrannarnir segja? En hann vissi innst inni að þetta myndi allt bjargast, beið færís og laumaði henni í land framhjá hafnarvigtinni (reyndar að hennar ósk).

Því næst pakkaði hann hafmeynna inn í gömul dagblöð, eins og ýsuflokunum forðum, vafði þeim þétt að líkama hennar og stalst til að renna höndunum yfir gljáandi sporðinn, lét olnbogana strjúkast óvart við brjóstin svo að rafmagnaður straumur fór um líkamann. Hann fann saltilminn af hárinu. Á hreistrinu var ekki einn einasti hrúðurkarl. Síðan henti hann henni aftur í gömlu Löduna sína og þau óku heim í risibúðina. Hann bar hana upp og yfir þröskuldinn.

-Jæja, hvernig líst þér á? spurði Ari.

-Hún er nú líflausari en sundlaug.

Ari fékk sting fyrir hjartað.

-En við getum lagað það í sameiningu, sagði hún og brosti blíðlega til hans.

Til að byrja með átti hún að vera í baðkerinu enda var það sjaldan notað. Þar lá hún alla daga, plokkaði gígjustrengina og söng undurbliðar og angurværar pulur milli þess sem hún át kræklinga og önnur afbrigðileg sjávardýr sem sjóarinn færði henni.

*Ligg ég hér á landi
líkt og skip í strandi
ligg ég líkt og lítið skip í strandi
ég vil horfa út á hafið
heldur smátt er baðið
grætur grætur gígja mín
gullnir strengir skjálfa
aldrei meir ég svamla um veröldina sjálfa
Syngdu gullna gígja
gráttu ekki landið
sjáðu húsin
læðist músin
sjáðu bíla, bruna skríða
borgarbörnin dagsins bíða.*

Hafmeyjan var í fyrstu nokkuð sátt við dvöllina í landi og það var eins gott því að samkvæmt þjóðtrúnni skyldi sjóarinn eiga hana. Hún sagði honum frá ævi sinni, hún átti sjó börn í sjó með jafnmörgum marbendlum og því hefði það verið þrautalending að tál- draga Ara, marbendlarnir væru óalandi og óferjandi.

Ari sagði henni hversu þrautgóður hann hefði oft reynt á raunastund en henni fannst hann hafa lífað í nokkuð vernduðu umhverfi miðað við hennar ævin- týrlega líf í stöðugri baráttu við hákarla og kolkrabba.

Gangur ástamálanna var samt ekki alveg sem skyldi. Vissulega hafði Ari reynt að káfa á henni og kjassa en hún var alltaf svo köld á móti og sagðist ekki vera tilbúin. Ég er ekki eins og hinar stelpurnar, átti hún til að segja. Ari tók að gerast pirraður. Ástin fiskanna er víst köld eins og sjálfir þeir, hugsaði hann með sér. Það var

heldur ekki eins auðvelt að halda henni ánægðri og hann hafði haldið. Hún var sífellt að skamma hann fyrir hreinlætið, æpti á hann fyrir að nota sápu og klósett- pappír.

-Þú mylur bara reglulega úr nærbuxunum, þá fer þetta að mestu leyti og ef það gengur ekki þá er

best að snúa þeim á rönguna og fara í þær aftur, þú veist hvernig sápan fer með lífríkið í sjónum, hvað þá skíturinn og pappírinn. Þetta endurtók hún alla daga.

Hafmeyjan fór líka að gera meiri kröfur. Hún vildi hafa allar hurðir og glugga opna upp á gátt til að hleypa hafgolunni inn. Hún lét Ara koma með allskonar hluti til að gera íbúðina vistlegri, fyllti gólfíð af skeljum og þara, hengdi netadræsurnar í loftið og slatta af þangi. Í baðherbergisglugganum sátu alltaf nokkrir silamávar sem átu úr lófa hennar.

Ari tók að gerast dapur í bragði og fór að fara í sífellt lengri útróðra. Hann þræði hana svo heitt og var margoft búinn að upplifa unaðsstundina miklu í huga sér, í hvert sinn sem hann ímyndaði sér stundina þá varð hún ýktari og ofsalegri. Þau myndu elskast með krafti brimsins, hita golfstraumsins og mýkt öldunnar, drukkna svo í djúpi hvors annars.

Eitt kvöldið er hann var nýkominn af erfiðum róðri söng stúlkan í baðinu svo óvenju undurblið:

*Lýsir máninn í myrkri
marbendill grætur í hafi
bátur siglir á bárum
berst hann á marbendils tárur
hitt ég hef einn mennskan mann
mér líst nokkuð vel á hann
Njólubaugur skín í nótt
núna getur þú mig sótt
sjóari, sjóari
sjáðu ég er þín Ari
komdu nú til mín Ari.*

Ari leit inn til hennar, hún var óvenju ástúðleg á svipinn.

Þú mylur bara reglulega úr nærbuxunum, þá fer þetta að mestu leyti ...

Þegar góða
veislu halda
skal...

pantar þú pizzur frá Greifanum

461 2690



Munið skólaafsláttinn!

Alhliða þjónusta við kæli- og frystiiðnaðinn

Hönnun • Framleiðsla
Sala • Þjónusta

Áratuga reynsla

H.F. KÆLISMIÐJAN

FRÖST

FISKISLÓÐ 125 PÓSTHÓLF 55 121 REYKJAVÍK SÍMI 551 5200 MYNDSENDIR 551 5215
FJÖLNIÐGÖTU 4B PÓSTHÓLF 70 602 AKUREYRI SÍMI 461 1700 MYNDSENDIR 461 1701

NÝ HÖNNUN FRÁ SKIPATÆKNI

OKKAR ÞEKKING YKKAR TRYGGING



59 metra nóta og flottrolls veiðiskip með 1230 rúmmetra sjókælitönkum

SKIPATÆKNI veitir alhliða ráðgjöf á sviði skipaverkfræði.

Hönnun og útbod nýsmíða. Önumst einnig verk- og útbodslýsingar á breytingum og viðgerðum.
Gerum samburð á tilboðum og sjáum um samningagerð, hönnun og útbod á fiskvinnslulínum,
hallaprófanir og stöðugleika-útreikninga. Vinnum einnig matsgerðir.



SKIPATÆKNI

SKIPATÆKNI
SKIPATÆKNI
CONSULTING ENG & NAVAL ARCHITECTS

GRENSÁSVEGI 13 108 REYKJAVÍK SÍMI 568 1610 BRÉFSÍMI 568 8759

Margret

-Ég er tilbúin, sögðu rauðu varinnar.

Loksins, loksins, hugsaði Ari og svipti sig klæðum í snatri, lagðist í baðið til hennar og byrjaði að nota sömu verkunaraðferðirnar og dugðu svo vel á síðarstúlkurnar í gamla daga. Hafmeyjan stjakaði honum burt.

-Hvað ertu að gera? spurði hún. Ertu hreinn sveinn? Veistu ekkert hvað á að gera? Sérðu ekki að ég er búin að hrygna í vaskinn.

Ara féllust algerlega hendur, HRYGNA Í VASKINNI!!! Átti hann síðan að bæta sínu sæði í vaskinn? Já svona eftir hendinni, eins og í kokkapáttunum. Hann hafði aldrei hugsað út í þennan þátt málsins, kona ofan mittis, fiskur neðan mittis og þar af leiðandi með æxlunarfæri fiska! Hvílik samsetning! Hvílik vonbrigði!

Næsta dag fór Ari með hafmeyna til fiskisala. Fisksali þessi hafði oft verið í blöðunum vegna áhuga síns á matreiðslu furðufiska. Hann matreiddi hafmeyna fyrir nokkra kokka, blaðamenn og ráðherra, almenn ánægja var með bragðið, það þótti vera líkt hvalkjöti en þó með pínulittum ýsukeim. Þetta þótti mjög gott dæmi um vannýttan stofn sem mætti veiða utan kvóta.

Nokkur umræða var í þjóðfélaginu í kjölfar veislunnar, menn voru ekki á eitt sáttir um hvort þetta væri mannúðlegt eður ei. Ari trillukarl sagði í blaðaviðtali að hafmeyjar væru engu gáfaðri en hundar eða húsdýr. Málið hvarf þó snemma úr umræðunni, einkum vegna þess að hvalavinir og kvennaathvarfið urðu ekki ásátt um undir hvorn málaflokkinn málið heyrði, hver vísaði á annan.

Í lok fjölmiðlafársins beindist málið helst að deilu milli fiskverkenda og sláturleyfishafa, spendýri skyldi slátr að í sláturhúsi, en sú þræta strandaði á karpi líffræðinga um það hvort hafmeyjar væru spendýr eða fisktegund. Athafnafólk fór aftur á móti að taka við sér hringinn í kringum landið, margir fengu styrki og lán til tilraunaveiða og til bygginga á sérhæfðum vinnsluhúsum. Einnig gerðu menn sér vonir um eldi á hafmeyjum.

Ari lífði sínu lífi áfram eins og ekkert hefði í skorist, fast hann sótti sjóinn og sækir hann víst enn. Drauma hefur hann víst líka ennþá en þeir eru örflíð breyttir. Nú lætur hann sig dreyma um nýja og endurbætta útgáfu af hafmeyjum, hafmeyjar sem eru konur að neðanverðu en fiskar að ofan.

ÞETTA ERU SLYS...



...SEM AUÐVELT ER AÐ FORÐAST **ATVR**

Meiri hagsmunir fyrir minni!

Páll Þór Jónsson, hótelstjóri á Hótel Húsavík



Umræðan um hvort eða hvenær Íslendingar eigi að hefja hvalveiðar hefur nú staðið allt frá árinu 1990. Árið áður hættu Íslendingar veiðum eftir mikinn þrýsting sem fyrst og fremst kom frá umhverfisverndarsamtökum. Síðan þá hafa Íslendingar ekki getað lititð slík samtök réttu auga og skiptir þá engu hvaða baráttumál sérhverjt þeirra hefur uppl. Frá þessum tíma er sérkennilegt að sjá að umræðan hefur snúist í hring. Þeir sem fylgdu hvalveiðum á síðasta áratug beittu viðskiptalegum rökum á meðan friðunarsamtök voru meira á tilfinningalegu nótunum. En í dag byggjast rök þeirra sem ekki vilja hvalveiðar á því að fráleitt sé að fórnar meiri hagsmunum fyrir minni. Ekki er á það hættandi að stefna ferðapjónustu og fiskútlutningi í hættu þar sem vonlaust er að sýna fram á neina arðsemi tengda hvalveiðum.

Ef við hefjum hvalveiðar nú er staðan þessi. Í fyrsta lagi ríkir alþjóðabann við verzlun með hvalaafurðir. Þannig höfum við ekki neinn viðskiptalegan grunn til að byggja á. Nægilegt magn af kjöti er til í okkar góða landi svo við förum nú ekki að bæta við hvalkjötsfjalli rétt í þann mund sem lambakjötsfjallið er orðið að þúfu. Í öðru lagi leggjum við út í stríð við umheiminn þar sem við höfum enga samúð.

Ferðapjónusta á Íslandi byggir fyrst og fremst á hreinni náttúru og hingað koma ferðamenn sem hægt er að fullyrða að séu upp til hópa mjög umhverfissinnaðir. Ef við ætlum að halda áfram uppbyggingu þessa markhóps og ná til nýrra er heldur óvarlegt að ætla að hvalveiði vekji upp jákvæða ímynd landsins. Mun viturlegra er að Íslendingar nýti sér umræðuna um náttúruvernd, aðlagi sig að henni og vinni með.

Staða Íslands gagnvart umheiminum hefur tekið

miklum breytingum. Á dögum kalda stríðsins gátum við beitt vestræn ríki verulegum þrýsingi í krafti þess að lega landsins hafði mikla hernaðarpýðingu. Þannig gátum við gert Bandaríkjamönnum að greiða sem svarar 15-20 % að jafnaði af gjaldeyrstekjum okkar á árunum 1949-1960. En nú horfum við fram á mikla hættu á efnahagslegri og pólitískri einangrun þar sem við stöndum utan Evrópusamstarfs, samstaða Norðurlandanna hefur raskast þar sem þau skiptast í flokka utan og innan ESB og koma því ekki saman fram gagnvart Sameinuðu Þjóðunum og GATT. Auk þess hefur orðið „hernaðarpýðing“ snúist upp í að íslensk stjórnvöld leggja áherslu á veru Bandaríkjahers gersamlega gagnstætt því sem áður var.

Þetta er mjög athygliverð kúvending.

Á dögum kalda stríðsins skiptu hvalveiðar eða vernd þeirra Bandaríkjamenn engu máli en hinsvegar var hernaðaraðstaða þeim mikið kappsmál. Nú á síðustu tveimur áratugum þessarar aldar snúast viðhorfin í þá átt að það eru íslensk stjórn-

völd sem sækja á um hersetu, en á sama tíma gera bandarísk stjórnvöld hvalavernd og umhverfismál að mjög þýðingarmiklum baráttumálum. En hér er ekki um að ræða að bandarísk stjórnvöld standi ein að stefnu sinni. Þýsk og bresk stjórnvöld hafa uppi nákvæmlega sömu stefnu og svo er að segja um fleiri þjóðir.

Við verðum að gera okkur grein fyrir hver staða okkar er, ekki hvernig hún ætti að vera. Við getum ekki lokað augunum fyrir alþjóðasamstarfi og talið okkur komast af án þess. Með því að hefja hvalveiðar nú erum við að fórnar margra ára erfiðri við að selja fisk, iðnaðarvörur og ferðapjónustu.

Íslendingar hafa aðallega stundað hvalveiðar á

Mun viturlegra er að Íslendingar nýti sér umræðuna um náttúruvernd, aðlagi sig að henni og vinni með.

þessari öld, en í mjög smáum stíl miðað við t.d. Norðmenn, Rússa og Japani sem hinsvegar strádrápu hvali í gersamlega óhóflegu magni. Á síðustu áratugum hefur þjóðum heims ofboðið ofveiðin og tóku sig því til eftir lok síðari heimstyrjaldarinnar og settu í gang alþjóðlega stofnun, Alþjóða-Hvalveiðiráðið til að koma skipulagi á veiðar og friðun stofna. Þegar leið á síðari

hluta aldarinnar urðu hvalirnir einskonar tákni fyrir það hve mannkynið hefur gengið í skrokk á Móður Jörð. Nánast allur hinn vestræni heimur tók hvalfriðun upp og er svo komið nú að ekki einustu náttúruverndarsamtök hafa slíkt að baráttu-

máli heldur er hér um að ræða hluta af stefnumörkun erlendra stjórnvalda

Við Íslendingar höfum lengst af skilgreint okkur sem veiðimannapjóðfélag. Við höfum talið okkur eiga rétt á að nýta þá möguleika sem gefast hverju sinni. En Ísland hefur breyst úr veiðimannapjóðfélagi í það að vera ekki aðeins matvælaframleiðsluland heldur hefur ýmis önnur þjónusta og iðnaður orðið æ veigameiri í þjóðarbúskapnum. Og þannig koma upp nýir hagsmunir og skoðanir sem áður þóttu fráleitir, mörgum að óvörum. Sífelld meiri þrýstingur á vönduð vinnubrögð t.d. í álsversviðræðum og virkjun hálendisins eru góð dæmi um breytta tíma.

Einhverskonar hræðsla við ásælni erlendra ríkja fylgir ætíð baráttu smáþjóða fyrir sjálfstæði sínu. Þessi hugsanavilla hefur stundum villt okkur sýn. En við erum hluti af samfélagi þjóðanna. Og þegar við gerum samninga við aðrar þjóðir, er það ábyrgð okkar að standa við þá. Þannig vorum við hluti af Alþjóða-Hvalveiðiráðinu og samþykktum þar með að ráðið hefði með veiðar og verndun að gera. Alþingi Íslendinga

samþykkti að mótmæla ekki veiðibanni 1983 og lögðum við þar með blessun okkar yfir það, gagnstætt Norðmönnum sem áunnu sér rétt til veiða með því að mótmæla formlega.

Þorskastríðin þrjú ættu að kenna okkur eitthvað. Við gátum stækkað efnahagslögsögu okkar úr þremur millum í tvö hundruð á aðeins tveimur áratugum.

Höfuðrök okkar voru að við værum að vernda fiskistofnana fyrir ofveiði. Verndun dýraríkisins á sér ófáa talsmenn. Og þarna hafa hvalirnir orðið að ímynd ofveiði. Við Íslendingar vorum í forystu fyrir þróun nýs hafréttar og getum því ekki sagt okkur



Hvalaskoðun

ur úr leik fyrir þá sök eina að við erum ekki sammála hinu alþjóðlega samfélagi um hvernig beri að standa að verndun hvalastofna.

Engir vísindamenn hafa getað sýnt fram á að of margir hvalir séu í sjónum. Hvernig er þá hægt að halda því fram að þeir éti of mikið?

Stærstu hvalirnir eru skíðishvalir, þeir lifa fyrst og fremst á þörungum og átu. Vissulega ganga þeir einnig í síld og loðnu. En eru það ekki einmitt síld og loðna sem eru í sögulegu hámarki? Ekki hefur verið hægt að sýna fram á með vísindalegum rökum að

nauðsynlegt sé að grísa hvalastofna.

Meginniðurstaðan er þó einföld; við komum ekki til með að hagnast af hvalveiðum í nánustu framtíð. Meðan alþjóðabann með verslun á hvalaafurðum er í gangi er einskisvert að hefja hvalveiðar. Hinsvegar högnumst við á að byggja áfram upp ferðaþjónustu og fiskútflutning sem eru tveir stærstu gjaldeyrisskapandi atvinnuvegir Íslendinga. Nýtum okkur jákvæða ímynd landsins. Með því að hefja nú hvalveiðar erum við aðeins að hætta meiri hagsmunum fyrir minni.

**Einhverskonar
hræðsla við ásælni
erlendra ríkja fylgir ætíð
baráttu smáþjóða fyrir
sjálfstæði sínu.**

Manngerving, náttúru- friðun og vestræn umhverfismálaumræða

Niels Einarsson, mannfræðingur



Nýting og stjórnun náttúruauðlinda eru víða deilumál í heiminum og til þess að átta sig á hvað slíkar deilur snúast um þarf að koma til þverfagleg umfjöllun sem tekur til vistfræðilegra, félagslegra, menningarlegra, efnahagslegra og fleiri þátta þeirra vandamála. Eitt snertir til dæmis ólíkar hugmyndir um hvað megi flokka sem náttúruauðlindir og hver sé staða mannfólks gagnvart náttúru og dýrum sem er einmitt efni þessa erinds. Þessi atriði geta skipt máli, ekki síst fyrir þjóðir og samfélög sem lifa að mestu af því að nýta lífandi auðlindir sjávar. Oft er það svo að grundvallar lífsviðhorf fólks og menning verða því ekki ljós fyrir en átök verða um réttmæti og gildi þessara viðhorfa. Undir venjulegum kringumstæðum leiða menn ekki mikið hugann að þessu því að menningarleg gildi eru að sumu leyti eins og andrúmsloftið, allt í kringum okkur og svo sjálfsagt fyrirbæri að við veitum því ekki eftirtekt. Hvalveiðideilurnar vöktu Íslendinga af værum svefni hins sjálfgefna varðandi nýtingu þess sem þeir flestir héldu að væru náttúruauðlindir. Það kom í ljós að umheimurinn, að minnsta kosti á hluti hans sem pólitísk völd hefur á alþjóðlegan mælikvarða, var á allt öðru máli.

Í þessari grein fjalla ég um tvo þætti í þeirri hugmyndafræði umhverfisverndar sem nefna mætti hina nýju náttúruvernd. Annars vegar fjalla ég um hvernig jákvæð manngerving er notuð kerfisbundið í vestrænni orðræðu um náttúruvernd, sem verkfæri og aðferð til að sannfæra fólk og virkja fyrir málefni sem annars þættu fremur lítt áhugaverð. Ég held því einnig fram að manngerving, sem hluti af nýrri sýn á stóðu mannsins í náttúrunni, geti haft viðtæk áhrif á stjórnun og nýtingu náttúruauðlinda og sérstaklega

veiðar á villtum dýrum. Ég velti því svo fyrir mér hvort manngerving og aðrar myndhverfingar séu heppileg leið til að stuðla að breyttum viðhorfum til umhverfisins. Hins vegar fjalla ég svo um hugmyndafræði náttúrufriðunar, sem ólíkt náttúruvernd skilgreinir gjarnan samfélög manna sem allt að því óæskilegan þátt umhverfisins, og hvaða afleiðingar slík stefna hefur fyrir náttúrunýtingu.

Kenningarlega undirstöðu umfjöllunar minnar um manngevingu er m.a. að finna í hugmyndum bandarísku málvísindamannana Lakoff og Johnson sem þeir settu fram í greinum og bókum, þar á meðal í bók sem á ensku heitir *Metaphors we live by*, sem

á íslensku gæti verið *Myndhverfingar sem við lifum eftir*. Þar halda þeir því fram að myndhverfingar eða myndlíkingar hafi mikil áhrif á hversdagslega hugsun og hegðun manna, mun meir en fólk áttar sig almennt á, það sé því fjarri lagi að myndlíkingar séu

einungis hluti málsins sem við notum heldur sé "öll okkar hugræna starfsemi myndhverf og það sem við hugsum, það sem við skynjum og það sem við gerum í daglegu lífi allt tengt myndhverfingu eða metaforí" (Lakoff og Johnson 1980:3). Kjarni málsins sé sá að myndlíkingar búa yfir þeim mætti að hafa áhrif á og formgera, strúktúrera, hvernig við skynjum heiminn og hegðum okkur í honum.

Manngerving eða antrópómorfismi er sú tegund myndhverfingar þar sem ómannlegum fyrirbærum og hlutum eru eignaðir mannlegir eiginleikar, hvatir, tilfinningar og mynd. Manngevingu er að finna víðast hvar, ekki einungis í trúarhugmyndum í flestum samfélögum heims, heldur einnig á öllum sviðum daglegs

**Hvalveiðideilurnar
vöktu Íslendinga af
værum svefni . . .**

lífs. Við sjáum það í fjölbreyttu formi og flestu samhengi, allt frá barnabókum, við getum tekið söguna um Snorra sel sem eitt dæmi af mörgum, til nýlegrar Óskarsverðlaunamyndar sem kölluð er Babe, eða Baddi upp á íslensku, og fjallar um grís sem talar, syngur og hefur af því miklar áhyggjur að verða umbreytt í jólasteik.

Manngerving í orðræðunni um náttúru og dýr felur í sér siðvæðingu þar sem hið dauða og ómannlega er tekið inn í þann siðferðislega hring sem mannfólkið dregur í kringum um sig. Við þetta verður umbreyting á eðli og stöðu dýra og náttúru og tengslum manna við þau. Persónugerving náttúrunnar er einnig aðferð til að færa óhlutbundin, abstrakt, fyrirbæri nær mannlegum skilningi. Ein ástæða þess að manngerving dýra og náttúru virðist vera að færast í vöxt á Vesturlöndum gæti verið sú að fæst okkar hafa beina reynslu af gangi náttúrunnar, að vinna í henni og nota hana. Vegna skorts á reynsluþekkingu snúum við okkur til myndmálsins sem hjálpar okkur við að skilja og skilgreina það sem annars er svo framtíð.

Segja má að selir og hvalir hafi á Vesturlöndum verið viðfangsefni svo mikillar manngervingar síðastliðna áratugi að þau-dýr sé ekki lengur hægt að flokka undir hugkvíar náttúruauðlinda meðal meirihluta íbúa Vesturlanda. Þetta er árangur áhrifamikillar baráttu náttúru og dýraverndunarhópa fyrir hönd sjávarspendýra. Ég ætla ekki að rekja sögu baráttuherferðanna fyrir hvali og seli og læt það nægja að fullyrða að ímynd sjávarspendýra hefur tekið algjörum stakka-skiptum á skömmum tíma. Sú umbreyting er að talsverðu leyti afurð meðvitaðrar og kerfisbundinnar notkunar manngervingar með þann tilgang í huga að siðvæða baráttuna um sjávarspendýrin. Einn þeirra sem mikið hefur kveðið að í Björgum Hvölunum herferðinni allt frá upphafi er Sidney Holt, sjávarlíffræð-

ingur sem einnig hefur tekið virkan þátt í starfi vísindanefndar Alþjóða hvalveiðiráðsins. Á fundi hvalaverndarsamtaka í London árið 1993, sem bar þann tvíræða titil Talking Whales sem þýða mætti Talandi hvalir eða Rætt um hvali flutti hann athyglisverða ræðu. Þar fjallaði hann m.a. um hvernig ímynd hvala, eins og við þekkjum hana í dag, var hönnuð í byrjun áttunda áratugarins.

Þessi fyrstu ár var ímynd Hvalsins sköpuð af liðsmönnum óháðra samtaka, (NGOs). Þetta var á þeim

tíma sem fólk á borð við Roger Payne hafði nýlega uppgötvað að hvalir gætu sungið, að minnsta kosti sumir þeirra. Við fengum að vita meira um heila þeirra. Það voru vísindamenn sem höfðu meiri áhuga á að rannsaka lífandi hvali en dauða...við vissum að höftrungar höfðu sónar (bergmáls-eiginleika) og gátu haft tjáskipti. Allt var þetta að smella saman þannig að breyting varð á gamalli ímynd hvala, sérstaklega þeirra stóru, stórhveisins, skrímslið sem var stundum árásargjarn, sérstaklega gagnvart bátum. Og Hvalurinn, Hvalurinn...vígorðið var að bjarga Hvalnum..



Testing whether fish have feelings.

var talinn vera eitthvað skynsamt, velviljað, mjög gamalt, hafði verið í hafinu miklu lengur en mannvörur höfðu verið á landi, fært um að syngja, fært um að tala, gæti ef til vill sagt okkur mikið um hvernig heimurinn leit út áður fyrr, ef við gætum talað við hann. Og þessi eina ímynd var sköpuð og entist og gegnd veigamiklu hlutverki við þann þrýsting sem frá 1972 til 1982 leiddi til þess að allsherjarbanni við hvalveiðum var komið á.

Frá því að þessi ímynd um Hvalinn Góða og Greinda varð til hefur mikið vatn runnið til sjávar og rannsóknir leitt í ljós að hinir góðu mannlegu hæfileikar hvala séu nokkuð orðum auknir. Þar á meðal greind þeirra, hæfileiki til máls, gæska, sem og frá-

sagnarhæfileikar þeirra. Þetta þýðir þó ekki að hvalir séu endilega nauðaómerkileg og heimsk dýr heldur einfaldlega að þeir séu ekki, sem lífverur, mikið jafnari en önnur dýr og að goðsögnin um undrahvalinn sé á vissum misskilningi byggð (sjá Einarsson 1993, Freeman 1990, Kalland 1993).

Í öllum samfélögum manna er gert upp á milli dýra þannig að sum þykja aðlaðandi en önnur ekki. Oft er þó munur milli samfélagshópa sem geta haft ólíka náttúrusýn sem tengist hagsmunum og reynsluheimi (sjá Einarsson 1996). Á Íslandi er til dæmis ekki allir sammála um hvort tófa sé ljúft fjalladýr sem eigi að fá að vera í friði eða leitt skaðræðisdýr sem drepa eigi hvar, hvenær og hvernig sem er. Kannski endurspeglar mismunandi viðhorf til refsins þjóðfélagsbreytingar, þróun frá þjóðfélagi bænda og sjómanna til fjölbreyttara þéttbýlisþjóðfélags, og skoðanamun því samfara. Þó held ég að fullyrða megji að fiskar séu þau dýr sem fáum Vesturlandabúum þykja geðfæld eða verð samúðar og mikillar siðferðislegrar íhugunar. Út frá brjóstviti væri hægt að svara því til að köld dýr og slímug henti bara ekki fólki til að samsama sig við. Breski mannfræðingurinn Edmund Leach sagði að "hugtakið grimmd gæti átt við um fugla og fjórfóta dýr en ekki fisk" (Leach 1964:42). Það væri vegna þess að ekki færi á milli mála að fiskar væru af annarri gerð en fólk og því stafaði hugkvía flokkun manna á heiminum engin hættu af fiskadrápi. Hvað sem því líður hefur það ekki aftrað róttækum dýraverndarhópum frá að reyna að nýta sér manggervingu í því skyni að bæta fiskum það upp að þykja óaðlaðandi. Bresk samtök, sem þar til nýlega nefndu sig Baráttuherferð gegn Stangveiðum (Campaign for the Abolition of Angling) en kalla sig nú Pisces, bjóða upp á eftirfarandi sögu í barnahorninu á Alnetsheimasiðu sinni. Sagan fjallar um fiskinn Fríðu sem er fangi hjá fiskeldisfyrirtæki og mig langar til að vitna aðeins í söguna:

Fríðu leið hræðilega. Hún og allir vinir hennar höfðu stækkað svo mikið að þeir komust varla fyrir lengur í búrinu sem þau bjuggu í. Reyndar myndu Fríða og hinir fiskarnir ekki geta verið vinir mikið lengur því að fiskur þollr ekki að búa svo þröngt. Virnetið í búrinu var það eina sem skildi Fríðu og vini hennar frá hafinu. Þau voru fangar í fiskeldisstöð þar sem þau voru alin og fituð af gráðugu fólki sem aðeins hugsuðu um peninga.

Þegar Fríða var yngri var hún vön að synda yfir að netinu og horfa löngunaraugum í hafnið og lét sig dreyma um að synda frjáls. Nú orðið þurfti að ýta og hrinda sér leið að netinu svo hún var hætt að leggja það á sig.

Sagan segir síðan frá því hvernig Fríða og vinur hennar Felix finna leið út í frelsið en það er skammvinn sæla því Felix er veiddur á krók. Þetta atvik og missirinn hefur mikil áhrif á Fríðu:

Fríða var alveg eyðilögð. Hún mundi óglögg eftir að hafa verið sagt frá stangveiðimönnum en hafði reynt að gleyma því sem fyrst. Eina huggun hennar var að Felix hefði þó að minnsta kosti átt fáeina dásamlega daga í frelsinu áður en hann var drepinn á svo hrottafenginn hátt.

Upp frá þessu varð Fríða ótrúlega kænn fiskur sem lifði hamingjusömu lífi og tókst að forðast stangveiðimenn og synti frjáls að hjartans list. Hún var ein af þeim heppnu. Þessa daga eru ekki margir slíkir eftir. Endir.

Innan dýrfræðinnar merkir hugtakið manggervingu að leitað sé skýringa á hegðun ómannlegra dýra með tilvísun til þeirra hugrænu ferla sem við venjulega eignum mönnum. Í nýlegri bók eftir breska dýrfræðinginn J.S Kennedy, *The New Anthropomorphism*, gagnrýnir höfundurinn þá tilhneigingu meðal líffræðinga að nota manggervingu við skýringar á atferli dýra og segir það leiða til bjögunar á gögnum þeirra þó svo að myndhverfingar geti reynst notadrjúgar á öðrum sviðum. Kennedy telur að:

Tungumálið sem við notum í daglegu lífi væri lam að án stöðugrar notkunar á myndhverfingum og líkingum. Flestir skildu næsta lítið í því hvernig hljóð berst og útvarpsbylgjur, til dæmis, ef það hefði ekki verið útskýrt fyrir fólki með líkingu við hreyfingar öldu á yfirborði vatns, sem það þekkir af beinni reynslu. Manggervar líkingar við hegðun dýra eru undantekning: þær leiða auðveldlega af sér misskilning (Kennedy 1992:159).

Eitt þeirra vandamála sem tengist manggervingu dýra í samúðarskyni er að þetta getur leitt til afmennskunnar þess fólks sem einhverra hluta vegna vilja og þurfa að veiða og deyða þau dýr sem gerð hafa verið mennsk. Aðeins skepnur og ómennni gætu

Hugmyndafræði náttúrufríðunar er því miður oft félagslega óábyrg . . .



Breyttir tímar. Donni sjómaður stendur við skutulinn ... á minjasafni.

hugsað sér að drepa dýr sem eiginlega eru menn. Þetta er sérkennilegur viðsnúningur þar sem dýr eru gerð mennsk og gefin mannréttindi en manneskjur eru gerðar að ómannúðlegum skepnum í sama ferli. Það lendir svo í verkahring fólks á borð við mannfræðinga að reyna að sýna hinum svokallaða siðmenntaða heimi fram á að þetta sé ekki sanngjarnt hlutskipti, hvorki fyrir menn né önnur dýr. Það er ákaflega mannhverft eða antrópócentrískt að einungis sé hægt að sýna dýrum virðingu eftir að þeim hafa verið ljáðir mennskir eiginleikar. Jafnframt er það ákaflega þjóðhverft að ekki sé hægt að virða rétt veiðimanna að nýta umhverfið í samræmi við eigin menningu, hefðir og þarfir.

Í nútímanum er enn að finna menningarafkima og samfélög sem eiga allt sitt undir því að veiða dýr. Þessi samfélög hafa hinsvegar orðið að hálfgerðum viðundrum, forsögulegri tímaskekkju í heimi nútímans og siðnútímans. Því er gjarnan lýst sem seinþroska og fremur neðarlega í hinum siðferðislega og menningarlega þróunarstiga. Þegar afstaða til nýtingar dýra, ekki síst sjávarspendýra, er tekin sem mællikvarði á siðferðisstig menningar verður það gjarnan svo að það sem er skilgreint sem ómanneskjulegar veiðar verður til að menska þeirra sem

iðka þær er dregin í efa. Meðal vestrænna umhverfisverndarsinna er sú tilhneiging alltof ríkjandi að líta á þá sem nýta náttúruna í smáum stíl, hvort sem þeir teljast frumbyggjar eða ekki, sem vandamál sem hverfi þó smám saman í kjölfar nútímavæðingarinnar, þar sem veiðar á villtum dýrum til lífbrauðs heyrir fortíðinni til.

Niðurlag

Vel má hugsu sér að manngerving náttúrunnar geti verið áhrifarík aðferð til að stuðla að viðhorfum sem

tengjast vístfræðilegri vitund og virðingu fyrir umhverfinu. Slíkt er ákaflega mikilvægt til lengri tíma lítið því lítil ástæða er til að halda að tæknilausnir muni leysa þau miklu staðbundnu og hnattrænu umhverfisvandamál sem við er að eþja. Það sem við

þurfum mest á að halda eru breytt viðhorf,

heimsmynd og hegðun. Hugsanlegt er að manngerving, sálahyggja og önnur metafóris og hugræn tækli geti stuðlað að þessari nauðsynlegu viðhorfábreytingu. Að með slíkum aðferðum megi endurlífga þá náttúru sem er heillum horfin og hlutgerfður leiksoppur efnishyggju og mannhverfra viðhorfa. En þó svo að við höfum hér leið að markmiði er einnig rétt að hafa í huga að metafór eru tvíeggjað sverð.

**Róttækir umhverfis-
verndarsinnar hafa jafnvel líkt
manninum við krabbamein í
náttúrunni . . .**

því þau fela um leið og þau sýna og þau eru hárbeytt vopn mælskufræðinnar. Varðandi notkun manngervingar í náttúruverndarumræðu hefur það sýnt sig að með því að mennta náttúruna getum við einnig verið að gera manneskjur ómennskar.

Manngerving fellur einnig illa að hugmyndinni um sjálfbæra þróun þar sem slík hugmyndafræði leggur áherslu á eigingildi og réttindi dýra og náttúru, og samræmist illa veiðum og nýtingu sem hefur í för með sér að dýr séu deydd og ásýnd umhverfis breytt. Sjálfbær þróun, í þeirri merkingu sem rætt var um á Heimsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Ríó 1992 og skilgreind er í framkvæmdaáætlun í umhverfis og -þróunarmálum fyrir allan heim (Dagskrá 21) felur í sér: "félagslega ábyrga efnahagsþróun jafnframt því að vernda auðlindir og umhverfi sem við skilum í hendur komandi kynslóðum" (Dagskrá 21:kafli 8). Það er varla í anda félagslega ábyrgar efnahagsþróunar að minnka verulega möguleika fólks til að afla sér viðurværis við nýtingu þeirra náttúruauðlinda sem til staðar eru og vitað er að þola sjálfbæra nýtingu. Ekki heldur að stuðla að því að heimamenn fari að líta á dýr sem varga þegar ekki er lengur leyft að nýta þau á sama tíma sem þau keppa við mannfólk um takmarkaðar bjargir (Einarsson 1996). Slík viðhorfsbreyting hefur verið að eiga sér stað gagnvart selum og hvólum hér við land. Hugmyndafræði náttúrufríðunar er því miður oft félagslega óábyrg á þennan hátt og tekur lítt tillit til hagsmuna og þarfa samfélaga manna, sem þrátt fyrir allt eru líka hluti af náttúrunni þó svo að þau tilheyri ekki dýraríkinu. Mönnum hættir við að líta á umhverfið sem eitthvað sjálfstætt fyrirbæri, óviðkomandi og einangrað frá mannlegu samfélagi. Í slíkri sýn á umhverfi og náttúru verður maðurinn og starfsemi hans oft að aðskotahlut, sem á ekki heima í óspilltri náttúrunni. Róttækir umhverfisverndarsinnar hafa jafnvel líkt mannum við krabbamein í náttúrunni, sem bara breiðist út og eyðileggi það sem fyrir verður.

Hugmyndafræði manngervingar og náttúrufríðunar nýtur mikils fylgis á Vesturlöndum og það endurspeglast ekki síst í fjölmiðlaefni af margvíslegum toga. Það er einnig mikilvægt að gera sér grein fyrir því lykilihlutverki sem fjölmiðlar gegna við að móta náttúrusýn heilla kynslóða. Eins og ég nefndi fyrir í þessu erindi þá hafa fæstir nútíma Vesturlandabúar reynslu af því að nýta á beinan hátt náttúruna sér til framfæris. Þeir

læra um hana á annan hátt, t.d. við að horfa á náttúruulífsþætti í sjónvarpi. Slíkt sjónvarpsefni er ákaflega oft lítað af manngervingu við lýsingar og útskýringar á atferli og lífnaðarháttum dýra, og ef minnst er á fólk þá er það gjarnan til að fordæma þá sem ekki láta dýrin á friði. Náttúrusýn, grundvallarviðhorf til sambands manna og dýra, mótast af slíkri framsetningu, einnig þeirra sem marka stefnu stjórnvalda í mikilvægum málaflokkum sem tengjast náttúruvernd og auðlindanýtingu. Fjölmiðlar nútímans eru rödd öldungaráðsins í alheimspörpinu og sú rödd ráðleggur ekki sjálfbæra nýtingu á lykiltáknum umhverfisverndarhyggjunnar.

Er þá kannski ekki ástæða til að vera sérlega bjartsýnn hvað varðar möguleika stefnu sjálfbærrar nýtingar í framtíðinni? Það er a.m.k. vert að

hafa í huga að almenningsálit á Vesturlöndum og staða sela og hvala í hugmyndafræði hinnar alþjóðlegu umhverfisverndarhreyfingar er hinn sá harði veruleiki sem við er að etja. Þó er rétt að ihuga að nýting

getur verið fólgin í öðru en beinum veið-

um, t.d. hvalaskoðunarferðum og ferðamannaíðnaði sem tengist slíkri útgerð. Þar er jafnframt hægt að nota þá sérstöku stöðu sem hvalir hafa og hagnast af því um leið. Kannski er það ákveðinn varnarsigur fyrir þjóð sem helst vill, ef marka má skoðanakannanir, skjóta þá.

Íslendingar búa við þann veruleika að lifa að mestu af því að nýta sjávargagn. Að því leyti svipar auðlinda-vistfræði okkar til aðstæðna annarra samfélaga á norðurslóðum og er að sama skapi brothætt. Lykilatriði fyrir slík samfélög er að til staðar sé sveigjanleiki í samskiptum fólks og vistkerfis. Sá sveigjanleiki minnkar augljóslega vegna mengunar, rányrkju og ekki síst ef þær auðlindir sem til staðar eru eru einhverra hluta vegna skilgreindar sem ekki auðlindir. Það sem lítil og að mestu valdalaus þjóð getur gert er að einbeita sér að samvinnu og samstarfi, að hafa frumkvæði, við umheiminn hvað varðar náttúruvernd og náttúrunýtingu. Íslendingar geta ekki kúgað neinn til hlýðni, til þess skortir þá efnahagslega og hernaðarlegan mátt. Þeir geta hinsvegar haft áhrif en það gera þeir einungis með því að vera vel upplýstir um þá flóknu málaflokka sem um er að ræða, kunna skil á hugmyndum og stefnu umhverfisverndarhreyfingarinnar og annarra sem móta hnattræna umhverfisverndarstefnu sem síðan tengist möguleikum Íslendinga sem þjóðar á svo

Íslendingar
geta ekki kúgað neinn
til hlýðni . . .

FJARSKIPTASTÖÐIN Í GUFUNESI

Fjarskipti og öryggisgæsla fyrir viðskiptavinum á sjó, í lofti og á landi.



ÚTGERÐARMENN • SJÓMENN AÐSTANDENDUR SJÓMANNA

**Nýtið ykkur þjónustu strandarstöðvanna.
Hringið og pantið símtal eða sendið skeyti um eftirtaldar stöðvar:**

	Simar:	Fax:	Telex:	Netfang:
Reykjavík Radió (Gufunes)	551 1030	562 9043	3004 reyrad is	reyrad@simi.is
	551 6030			
Ísafjörður Radió	456 3065	456 4692	3004 reyrad is	reyrad@simi.is
Siglufjörður Radió	467 1108	467 1111	3004 reyrad is	reyrad@simi.is
Nes Radió	477 1200	562 9043	3004 reyrad is	reyrad@simi.is
Hornafjörður Radió	478 1212	478 1317	3004 reyrad is	reyrad@simi.is
Vestmannaeyjar Radió	481 1021	481 1010	3004 reyrad is	reyrad@simi.is

Auk símtalaafgreiðslu hlusta strandarstöðvarnar á kall- og neyðarstöðum skipa og bifreiða, rás 16, 2182 kHz og 2790 kHz, allan sólarhringinn, alla daga ársins og annast fjarskipti við leit og björgun.

**SJÓMENN! MUNIÐ
TILKYNNINGA-
SKYLDUNA**

AFGREIÐUM BEINT OG UM GERVIHNETTI

Starfsfólk strandarstöðva Pósts og síma hf
hefur að baki áratuga samvinnu við björgunarsveitir.

margan hátt. Auk þessa er okkur nauðsyn að skilja auðlindanýtingu samfélaga á norðurlöndum og hvaða samfélagslegir, pólitískir og líffræðilegir þættir stuðla að, eða hindra, möguleika fólks þar til sjálfbærar nýtingar lífandi og annarra náttúruauðlinda.

Höfundur er mannfræðingur að mennt. Stundaði framhaldsnám og rannsóknir við háskólana í Uppsölum og Oxford. Nokkur undanfarin ár hefur hann einnig tekið þátt í tveim norrænum rannsóknarverkefnum, annars vegar verkefni sem fjallar um sameiginlegar náttúruauðlindir, fiskveiðistjórnun og náttúruverndarstefnu á Norðurlöndum, og hinsvegar verkefni sem snýst um félagslega og menningarlega þætti auðlindanýtingar og -stjórnunar á heimsskautaslóðum, aðallega þó sjávarspendýraveiðar. Vettvangsrannsóknir gerði hann í Bretlandi og skoðaði bresk náttúruverndarsamtök, hugmyndafræði og starfsemi, sérstaklega þó þau sem hafa beitt sér fyrir vernd hvala og sela, og svo einnig á Íslandi þar sem viðfangsefnið var smábátaútgerð, náttúrunýting og umhverfisverndarumræðu. Hefur unnið við Háskólann á Akureyri, Háskóla Íslands og fyrir Samvinnunefnd um norðurmálefni að undirbúningi Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar.

Heimildaskrá:

- Einarsson, N. (1990). *Of seals and souls. Changes in the position of seals in the world view of Icelandic small-scale fishermen.* *Maritime Anthropological Studies*, 3(2), 35-48.
- Einarsson, N. (1993). *All animals are equal but some are cetaceans. Conservation and culture conflict.* In K. Milton (Eds.), *Environmentalism: The view from anthropology* London: Routledge.
- Einarsson, N. (1995). *A sea of images: Fishers, whalers and environmentalists.* In G. Palsson & E. P. Durrenberger (Eds.), *Images of Contemporary Iceland: Everyday Lives and Global Contexts* (pp. 46-59). Iowa City: University of Iowa Press.
- Freeman, M. M. R. (1990). *A commentary on political issues with regard to contemporary whaling.* In E. Vestergaard (Ed.), *North Atlantic Studies: Whaling Communities (Special Issue)*, (pp. 106-111). Aarhus: Aarhus University Press.
- Kalland, A. (1993). *Whale politics and green legitimacy. A critique of the anti-whaling campaign.* *Anthropology Today*, 9(6), 3-7.
- Kennedy, J. S. (1992). *The new anthropomorphism.* Cambridge: Cambridge University Press.
- Lakoff, G., & Johnson, M. (1980). *Metaphors we live by.* Chicago: University of Chicago Press.
- Leach, E. (1964). *Anthropological aspects of language: Animal categories and verbal abuse.* In E. H. Lenneberg (Eds.), *New directions in the study of language* (pp. 23-63). Cambridge, Massachusetts: The MIT Press.

Spilaðu með, stundum vinnur þú, Háskóli Íslands vinnur alltaf!

Velgengi Happraættis Háskólans birtist í öflugum Háskóla Íslands sem veitir nú nær 6000 stúdentum aðstöðu til náms og álíka fjöldi sækir til hans almenningsfræðslu, endurmenntun og nám með starfi.

Happraætti Háskólans hefur í rúm 60 ár kostað flestar byggingar Háskólans og á seinni árum nær öll tæki til rannsókna, tölvuver og tölvunet, sem

tengja kennslu- og rannsóknarumhverfi Háskólans við stofnanir og fyrirtæki um land allt og um allan heim.

Því er varla til sá Íslendingur sem ekki nýtur góðs af öflugum háskóla á einn eða annan hátt.



**HAPPRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS**
vænlegast til vinnings!

Pökkum eftirtöldum aðilum veittan stuðning við útgáfu blaðsins

Sérleyfisbílar Akureyrar hf

Dalbraut 1, Akureyri

Siglufjarðarhöfn

Gránugata 24, Siglufjörður

Síldarvinnslan hf

Hafnarbraut 6, Neskaupsstaður

Sjómannafélag Eyjafjarðar

Skipagötu 14, Akureyri

Skagastrandarhöfn

Túnbraut 1-3, Skagaströnd

Skagstrendingur hf

Túnbraut 1-3, Skagaströnd

**Skipstjóra- og stýrimannafélag
norðurlands**

Skipagötu 14, Akureyri

**Sparisjóður Akureyrar
og Arnarneshrepps**

Brekkgötu 1, Akureyri

Sparisjóður Glæsibæjarhrepps

Brekkgötu 9, Akureyri

Sparisjóður Siglufjarðar

Túngata 3, Siglufjörður

Sparisjóður Suður-Þingeyinga

Kjarna, Laugum

Sparisjóður Svarfdæla

Ráðhúsi Dalvíkur

Sparisjóður Vestmannaeyja

Bárustíg 15, Vestmannaeyjar

Sparisjóðurinn í Keflavík

Tjarnargötu 12-14, Keflavík

Strætisvagnar Akureyrar

Draupnisveg 3, Akureyri

Stýrimannaskólinn í Reykjavík

Háteigsvegur, Reykjavík

Stýrimannaskólinn

í Vestmannaeyjum

Vestmannaeyjar

Súlan ehf

Aðalstræti 68, Akureyri

Sæberg hf

Aðalgötu 16, Ólafsfjörður

Sæhamar hf

Flötum 31, Vestmannaeyjar

Söltunarfélag Dalvíkur hf

Hafnarbraut 11-15, Dalvík

Söllumiðstöð hraðfrystihúsanna

Aðalstræti 6, Reykjavík

Teiknistofa K.G.Þ. ehf

Tryggvabraut 22, Akureyri

Uggi fiskverkun

Höfðabrekku 23, Húsavík

Útgerðarfélag Akureyringa hf

Fiskitanga, Akureyri

Valtýr Þorsteinsson ehf

Bjarmastíg 4, Akureyri

Verkfræðistofa Norðurlands ehf

Hofsbot 4, Akureyri

Vestmannaeyjabær

Ráðhúsinu, Vestmannaeyjar

Vestmannaeyjahöfn

Básaskersbryggju,
Vestmannaeyjar

Véla- og stálsmiðjan

Gránufélagsgötu 47, Akureyri

Vinnslustöðin hf

Hafnargötu 2, Vestmannaeyjar

Vopnafjarðarhöfn

Hamrahlið 15, Vopnafjörður

Vörubær ehf

Tryggvagötu 24, Akureyri

Ýmir sf

Furuvöllum 9, Akureyri

Þormóður rammi hf

Aðalgötu 10, Siglufjörður

Hraðfrystistöð Þórshafnar

Eyraryggi 16, Þórshöfn

Kaupfélag Fáskrúðsfirðinga

Skólavegi 59, Fáskrúðsfirði

ÍSAÇO

Gilsbúð 7, Garðabæ

Kaupfélag Vestur-Húnavetninga

Hvammstanga

Kjarnafæði hf

Fjölningötu 1b, Akureyri

Korri hf

Húsavík

Kristján Guðmundsson hf

Hafnargötu 6, Hellissandur

Langanes hf

Skólagarði 6, Húsavík

Laugafiskur hf

Laugum, Reykjadal

Lífeyrissjóður sjómanna

Þverholti 14, Reykjavík

Lloyd's Register of shipping

Mýrargötu 2, Reykjavík

Marel hf

Höfðabakka 9, Reykjavík

Miðnes ehf

Tjarnargötu 1-3, Sandgerði

Möl og sandur

Akureyri

Nesskip hf

Austurströnd 1, Seltjarnarnes

Nýsir hf

Skipholt 50b, Reykjavík

Oddi ehf, nótastöð

Norðurtanga 1, Akureyri

Ora kjöt og -rengi ehf

Vesturvör 12, Kópavogur

Pöllinn hf

Aðalstræti 9-11, Ísafjörður

Póstur og sími

Hafnarstræti 102, Akureyri

Reyðarfjarðarhöfn

Búðareyri 7, Reyðarfjörður

Rækjuvinnslan Pólar hf

Norðurgötu 24, Siglufjörður

Samherji hf

Glerárgötu 30, Akureyri

Sauðárkrókskaupstaður

Faxatorgi 1, Sauðárkróki

Fyrsti íslenski heimabankinn á Internetinu




BS
BRUNTON SHAW LIMITED

Togvír
Snurpuvír
Vinnsluvír
Grandaravír
Kranavír



VÖRUHÚS ÍS
Íslenskar sjávarafurðir hf.

SÍMAR 568 1050 OG 581 4667 • FAX 581 2848



9.

Engin binding.

Með nýjum peningamarkaðs-
sjóði VÍB, Sjóði 9, getur þú
ávaxtað fé þitt eða fyrirtækis þins
haftalaust. Í einn sólarhring, eða
lengur ef því er að skipta. Það er
enginn kostnaður. Enginn bindi-
tími. Enginn munur á kaup- eða
sölugengi. Tvö símtöl nægja —
eitt til að kaupa og annað til að
selja.

Thyngtæk

N Ý R P E N I N G A M A R K A Ð S S J Ó Ð U R

Sjóður 9 fjárfestir einkum í skammtíma-
skuldabréfum og vixlum ríkis og banka.
Lágmarkseign í sjóðnum eru 250.000
krónur. Til að auðvelda bókhald sendum
við tvö viðskiptayfirlit á ári.

FORYSTA Í FJÁRMÁLUM!

VÍB

VERÐBRÉFAMARKAÐUR ÍSLANDBANKA HF.

• Adili að Verðbréfafingi Íslands •

Kirkjusandi. Sími: 560-8900. Myndsendir: 560-8910.

FRAMTAK, Hafnarfirði

Kraftmikil

og lipur viðgerðarþjónusta
nú einnig dísilstillingar

FRAMTAK - alhliða viðgerðarþjónusta:

- VÉLAVIÐGERÐIR
- RENNISMÍÐI
- PLÖTUSMÍÐI
- DÍSILSTILLINGAR

MAK

Viðurkennd MAK
þjónusta

FRAMTAK

VÉLA- OG SKIPAÞJÓNUSTA
Drangahrauni 1b Hafnarfirði
Sími 565 2556 • Fax 565 2956

GÓÐ ÞJÓNUSTA
VEGUR DUNGY

RAF mótórar

Eigum á lager hina
viðurkenndu DUTCHI
rafmótora



0,25 - 90 kW 220/380 - 380/660 volt
Allar gerðir flansa

HAGSTÆÐ VERÐ



SKIPAVARAHLUTIR HF.

Austurströnd 1 • 170 Seltjarnarnes
Sími: 562 5580 • Heima: 552 7865
Fax: 562 5585

Borgarholtsskóli



Vaxandi skóli á sviði bíl-og málmíðngreina


Borgarholtsskóli býður heildstætt nám
frá grunndeild til lokaprófs.

Boðið er upp á kvöldkennslu í bóklegum
og verklegum faggreinum rennismíði og vélsmíði.

Borgarholtsskóli

v/Mosaveg • 112 Reykjavík • sími: 586 1400 • fax: 586 1404

Alhliða tryggingaþjónusta fyrir sjávarútveginn



ÞEGAR MEST Á REYNIR



**TRYGGINGA
MIÐSTÖÐIN HF.**

ADALSTRÆTI 6-8 · 101 REYKJAVÍK
SÍMI 515 2000



Fjárfestu í framtíðinni!



Sjóvarútvegssjóður Íslands

er nýr hlutabréfasjóður
sem fjárfestir í sjávarútvegi
og tengdum greinum.

Allar nánari upplýsingar veitir starfsfólk
Kaupings Norðurlands

 **KAUPPING**
NORÐURLANDS HF
-Löggilt verðbréfafyrirtæki

Kaupvangsstræti 4 600 Akureyri Sími 462 4700 Fax 461 1235